



Ársskýrsla 2007

SI

Samtök iðnaðarins

Ársskýrsla 2007

Stjórn Samtaka iðnaðarins 2007



Helgi Magnússon
formaður



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður
BM Vallá ehf.



**Aðalheiður
Héðinsdóttir**
ritari
Kaffitár ehf.



Anna María Jónsdóttir
Laugar Spa ehf.



**Tómas Már
Sigurðsson**
Alcoa Fjarðaál



Loftur Árnason
Ístak hf.



Ingvar J. Kristinsson
Marel hf.

Stjórn Samtaka iðnaðarins kom saman til tólf formlegra stjórnarfundna árið 2007. Á fundum stjórnar eru línur lagðar í starfinu og stefna mörkuð á fjölmörgum sviðum. Stjórnin leggur áherslu á að vera virk í störfum sínum og með fingur á þúlsu sem víðast. Félagsmenn hafa verið heimsóttir og má þar nefna Árvakur, ÍAV, Alcoa og BM Vallá. Vettvangur framkvæmda hefur verið skoðaður og fræðsla sótt um mikilvæg málefni með ferð á erlendar slóðir. Fjölmargir fundir eru haldnir á vegum Samtaka iðnaðarins um margvísleg efni og stjórnarmenn leggja sig fram um að sækja sem flesta slíka fundi. Þá hafa málefnaþópar Samtakanna verið öflugir í störfum sínum og þar leggja stjórnarmenn einnig sitt af mörkum.



Sigurður Bragi Guðmundsson

Fjölbreytni skapar styrk

Samtök iðnaðarins standa á gömlum merg og þeim hefur vaxið mjög ásmegin hin síðari ár. Vöxturinn helst í hendur við miklar breytingar, framfarir og aukin umsvif iðnaðarins. Samtökin einkennast af breidd. Þau eru félagsskapur rúmlega 1.100 fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Þar eru einyrkjar en líka mörg stærstu fyrirtæki landsins með mörg hundruð eða þúsundir manna að störfum um víða veröld. Sum selja afurðir sínar einungis innanlands en önnur eingöngu til útlanda og allt þar á milli.

Rekstrarsvið fyrirtækjanna er að sama skapi fjölbreytt. Innan þeirra eru iðnmeistarar og handverksfólk í hinum ýmsu greinum, margskonar fyrirtæki í verksmiðjuiðnaði, byggingaverktakar, jarðvinnufyrirtæki, tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki, flókin tæknifyrirtæki, matvælaframleiðendur, prentsmiðjur, líftæknifyrirtæki og stóriðjufyrirtæki, svo að nokkuð sé nefnt. Síðasta viðbótin í flóruna eru hljóðver og heilsuræktarstöðvar. Að sama skapi verða viðfangsefni Samtakanna fjölbreyttari og oft á tíðum flóknari. Hagsmunir aðildarfyrirtækjanna eru ólíkir innbyrðis og breytast frá einum tíma til annars.

Hinu má ekki gleyma að þeir, sem stunda rekstur, eiga í flestum tilvikum mun meira sameiginlegt en ætla mætti við fyrstu sýn. Grundvallaratriðin eru alls staðar hin sömu. Markmiðið er alltaf að selja vörur og þjónustu með hagnaði. Til þess að svo megi verða þurfa öll fyrirtæki eðlileg starfsskilyrði og efnahagslegan stöðugleika sem

tryggir samkeppnishæfni þeirra jafnt á heimamarkaði sem á erlendum mörkuðum. Samkeppni fyrirtækjanna innbyrðis og við erlenda keppinauta er nógu hörð þótt ekki íþyngi rekstrinum áhættuþættir sem rekja má til efnahagsstjórnar eða annarra starfsskilyrða sem eru á valdi stjórnvalda hverju sinni.

Sívaðandi viðfangsefni í starfi Samtaka iðnaðarins er að stuðla að aukinni og bættri menntun þeirra sem starfa í iðnaði. Þar þarf að gera enn betur en hingað til. Hefja þarf til vegs og virðingar iðn-, verk- og tækninám sem er ekki síður mikilvægt en annað nám. Í auknum mæli verðum við að byggja á nýsköpun og endurnýjun í atvinnulífinu. Skapa þarf skilyrði til að okkur takist að hasla okkur völl á nýjum sviðum en ekki síður að endurnýja og bæta það sem fyrir er. Þar gegnir menntun lykilhlutverki.

Samtök iðnaðarins finna fyrir aukinni þörf á samstarfi í öllum atvinnugreinum – langt út fyrir iðnaðinn. Þannig þarf hann á starfsemi fjármálafyrirtækja að halda og þau gera ekki mikið án viðskiptavina. Fyrirtæki innan verslunar og þjónustu selja gjarnan framleiðsluvörur iðnaðarins, að ekki sé talað um framleiðslu iðnaðar á vélum, búnaði og rekstrarvarningi fyrir sjávarútveg og landbúnað. Oft hafa þessar vörur verið þróaðar í nánu samstarfi ólíkra atvinnugreina.

Samtök iðnaðarins einbeita sér að því að ná árangri á öllum sviðum sem þau telja að stuðli að stöðugleika og enn meiri verðmætasköpun. Það gera þau með því að koma sjónarmiðum á framfæri og taka öflugan þátt í umræðu um starfsskilyrði iðnaðarins og mótun þeirra. Það gera þau einnig með því að vera vettvangur fyrirtækja með fjöl-



breytta hagsmuni til að móta sameiginlega stefnu. Samtök iðnaðarins gera ekki upp á milli fyrirtækja og greina. Við teljum hlutverk okkarmiklu frekar vera að sætta ólík sjónarmið og vinna að því að allir hafi rekstrar- og tilverugrundvöll í atvinnulífinu.

Jóhann Magnússon

Stjórn á ferð og flugi

Samtök iðnaðarins eru tvímælalaust ein öflugustu atvinnurekenda- og hagsmunasamtök landsins. Aðildarfyrirtæki þeirra eru um ellefu hundruð talsins og eru ótrúlega fjölbreytt að allri gerð. Gildir þá einu hvort litið er til stærðar, viðfangsefna eða markaða. Þau eiga sér sameiginlegan málsvara og vettvang innan vébanda Samtaka iðnaðarins. Gefur augaleið að viðfangsefni Samtakanna og þeir hagsmunir, sem þau gæta, eru mjög margvíslegir og því mikilvægt að stjórn og stefnumörkun sé markviss.

Hjá Samtökum iðnaðarins var mörkuð sú stefna frá upphafi að tryggja lýðræðislega kosningu stjórnarinnar og um leið að gera reglur þannig úr garði að nauðsynleg endurnýjun yrði í stjórninni. Þetta hefur gengið eftir og sem betur fer einnig að í stjórn hefur setið fólk sem kemur úr ólíkum greinum iðnaðarins.

Fingur á púlssi

Frá upphafi hafa stjórnir hvers tíma lagt áherslu á að kynna sér frá fyrstu hendi störf og hagsmuni aðildarfyrirtækja sinna og einnig stefnur og strauma á alþjóðavettvangi hjá systursamtökum sínum og alþjóðastofnunum.

Á árinu heimsótti stjórnin nokkra félagsmenn á Austurlandi og hélt stjórnarfund á Egilsstöðum. Heimsóknin var á haustdögum þegar verið var að gangsetja Kárahnjúkavirkjun og leggja loka hönd á byggingu álvers Alcoa og gangsetningu þess. Fyrr á árinu voru heim-

sóttar höfuðstöðvar Árvakurs þar sem haldinn var stjórnarfundur, skrifstofur Morgunblaðsins og prentsmiðja skoðuð og rætt við starfsmenn og stjórnendur. Stjórnin heimsótti ÍAV á byggingarstað nýrrar ráðstefnu- og tónleikahallar við Reykjavíkurböfn. Þar var fyrirtækið kynnt og framkvæmdir skoðaðar. Síðasta heimsókn ársins var til BM Vallár í Reykjavík.

Afstaða styrkist í Brussel

Á vordögum heimsótti stjórnin fjölmarga aðila í Brussel til þess að kynna sér ýmsa þætti Evrópumála frá fyrstu hendi. Samtök iðnaðarins leggja ríka áherslu á að vera vel upplýst á þessum vettvangi enda telja þau að aðild að ESB og upptaka evrunnar séu ein ríkustu hagsmunamál iðnaðarins. Á vettvangi ESB eru starfsskiyrði hans ráðin og íslenska krónan getur ekki tryggt honum til langframa þann stöðugleika sem honum er nauðsynlegur. Ferðin styrkti þessa skoðun enn frekar.

Heimsóknin hófst í BusinessEurope hjá Philippe de Buck, framkvæmdastjóra, sem ræddi um helstu verkefni samtakanna en innan þeirra eru öll helstu samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu, þ.m.t. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra, tók á móti stjórninni af höfðingskap en hann hafði aðstoðað við alla skipulagningu. Starfsemi sendiráðsins og fastanefndarinnar gagnvart ESB var kynnt og rædd. Þá bauð Stefán Haukur



til hádegisverðar með sendiherrum Írlands og Finnlands þar sem rætt var um reynslu þessara tveggja smárikja af ESB. Ekki var annað á þeim að heyra en þessar þjóðir þættust fullsæmdar af sinni stöðu og væru ánægðar með reynsluna af aðildinni.

Kare Bryn, framkvæmdastjóri EFTA, tók á móti stjórninni og fór yfir starfsemi EFTA og hvernig samskiptum EFTA og ESB er háttað í tengslum við rekstur EES-samningsins. Kristján Andri Stefánsson og Hallgrímur Ásgeirsson kynntu starfsemi og verkefni Eftirlitstofnunar EFTA sem vakir yfir því að ákvæðum samningsins sé fylgt og þau innleidd með réttum hætti. Evrópuþing-ið var einnig heimsótt en þar var fundað með Miloslav Ransdorf, Tékka, sem er varaformaður iðnaðar- orku- og R&B nefndar þingsins. Fyrst og fremst var rætt um vægi þingsins í störfum ESB og vinnubrögð þess. Stjórnin fékk leyfi til að sitja hluta af fundi nefndarinnar og var það býsna fróðlegt.

Massimo Mauro hjá Ráðherraráði ESB ræddi um framtíð ESB en ekki síður hvernig kaupin gerast á eyrinni í samstarfi þjóðanna sem mynda Evrópusambandið. Það samspil er nokkuð flókið og langt frá því eins einfalt og margir halda fram. Línur eru hvorki dregnar milli stórra og smárra, norðurs og suðurs né ríkra og fátækra. Þvert á móti eru það málefni sem raða ríkjum í fylkingar sem eru því síbreytilegar.

Að síðustu var rætt við Matthías Brinkmann hjá framkvæmdastjórn ESB en hann stýrir þeirri deild sem heldur um EES-samstarfið fyrir hönd ESB. Var sá fundur ákaflega upplýsandi og ekki til þess fallinn að auka trú stjórnarinnar á því að EES-samningurinn ætti mjög langa framtíð fyrir sér.



Í grunni nýja óperuhússins

Tvö álver og tvær virkjanir á fjórum árum

Risavaxinn framkvæmdakafli að baki - þáttur íslenskra fyrirtækja nam 100 milljörðum króna

Framkvæmdum við Kárahnjúka er nú að mestu lokið. Stíflurnar þrjár eru fullbúnar og búið að fylla Háslón, fjórum árum eftir að framkvæmdir hófust. Rafmagnsframleiðsla með vatni úr Háslóni hófst á haustdögum. Virkjunin er á margan hátt sérstæð. Aðalstíflan er 200 metra há og ein sú hæsta sinnar tegundar í heiminum. Samtals voru boraðir og grafnir 73 kílómetrar af göngum vegna virkjunarinnar og oft ríkti mikil óvissa um ástand bergsins. Á þeirri leið þurfti að sigrast á mörgum hindrunum bæði neðanjarðar og ofan og margvíslegum veðrum og á öllum árstíðum á vinnusvæði í 600 metra hæð yfir sjávarmáli.

Virkjunin í Fljótisdal og 200 metra fallgöng eru tilbúin til notkunar svo og flutningslínur frá virkjuninni til notanda




á Reyðarfirði. Þar er einnig lokið uppbyggingu álvers fyrir Alcoa ásamt hafnarbótum. Verulegur hluti þessara framkvæmda hefur verið á hendi íslenskra fyrirtækja, bæði á sviði mannvirkja-gerðar og verkfræði. Lætur nærri að hlutur íslenskra fyrirtækja nemi 50 milljörðum króna eða sem svarar 4.000 mannárum.

Á sama tíma var lokið 260 þúsund tonna stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði og jarðvarmvirkjunum á Hellisheiði og Reykjanesi með tilheyrandi flutningslínunum. Hlutur íslenskra fyrirtækja í þeim framkvæmdum er hlutfallslega stærri en fyrir austan og nemur líka 50 milljörðum króna. Alls hafa íslensk fyrirtæki því velt 100 milljónum króna eða ígildi 8.000 mannára í tengslum við þessi tvö verkefni.

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins

Árlegt útboðsþing SI var haldið á Grand Hótel Reykjavík í janúar. Þar var gefið yfirlit yfir helstu útboð stærstu opinberu verkkaupa landsins. Á annað hundrað manns sóttu fundinn, aðallega á vegum verktakafyrirtækja.

Á þinginu voru flutt níu erindi þar sem ríkið, stofnanir þess og þrjú stærstu sveitarfélögin, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu. Heildarfjárhæð útboða, sem kynnt voru, nam um 76 milljörðum króna en það er heldur meira en árið á undan. Vöxtur milli árána 2006 og 2007 er heldur minni en árin þar á undan en eins og sjá má á mynd eru fyrirhugaðar framkvæmdir mestar hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Vegagerðinni, líkt og verið hefur.



Bílvélar brenna matvælum

Afar miklar verðhækkningar hafa orðið á ýmsum matvælum á heimsmarkaði síðastliðin ár. Sérstaklega hefur verð á hveiti og öðru korni hækkað og haft víðtæk áhrif á verð margra annarra matvæla. Sem betur fer hafa þessar hækkningar aðeins skilað sér að litlu leyti til neytenda hér á landi og ljóst er að íslenskir matvælaframleiðendur hafa frestað því í lengstu lög að velja þessum hækkunum út í verðlagið.

Í janúar 2008 hafði verð á matvöru í landinu lækkað um 3,5% frá fyrra ári og verð á brauði og kornvöru um 1,4%. Þetta gerist þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð á hveiti hafi hækkað um 91% sl. 12 mánuði. Margvíslegar ástæður liggja hér að baki en veigamikill þáttur er stóruaukin notkun á korni og maís til að framleiða lífræna dísilolíu og etanól. Margt bendir til að verð á matvælum hækki enn frekar á næstu misserum.

Breytt neyslumynstur á heimsvísu

Þótt verð hafi hækkað á heimsmarkaði síðastliðin ár má fullyrða að undanfarin 25 ár hafi verð á matvælum verið lágt í sögulegu samhengi. Markaðir hafa einkennt af offramboði matvæla í hinum vestræna heimi. Verð til framleiðenda hefur farið lækkandi meðan búverndarstefnu hefur víða verið fylgt. En aðstæður í heiminum hafa breyst ört á fáeinum árum og efnahagslegur uppgangur stórra landa, s.s. Kína, Indlands og Brasilíu hafa mikil áhrif á markaðinn. Eftir því sem velmegun eykst í slíkum löndum verður krafan um betri matvæli og neysla á kjöti, brauði og mjólkurvörum háværari. Afleiðingin er stóruaukin eftirspurn og verð hefur því farið hækkandi. Fátt bendir til annars en að þessi þróun haldi áfram. Áhrif þessarar þróunar á fátækustu lönd heims eru tvíþent. Í fyrsta lagi byggjast fátæk lönd á landbúnaði og fá því mun meira fyrir afurðir sínar en áður. Hins vegar veldur hækkandi matvæla-verð því að aðgengi þeirra, sem verst standa að matvælum getur versnað og aukið þannig hungursneyð víða. Til að bregðast við þessu hafa sum ríki, t.d. Rússland, sem er mikilvæg uppspretta hveitis, reynt að

takmarka útflutning til að tryggja nægt fæðuframboð á heimamarkaði. Slíkar aðgerðir hafa aukið enn á vandann á heimsvísu og fregnir hafa borist af svartamarkaðsbraski með matvæli og hermenn þurfa víða að gæta matvæla-birgða.

Lífrænt eldsneyti vafasamt?

Stóruaukin framleiðsla á lífrænu eldsneyti hefur líka haft mikil áhrif á markaðinn. Í Bandaríkjunum er mikil áhersla lögð á að framleiða etanól úr maís. Þar stefna stjórnvöld að því að sjálfalda framleiðsluna til ársins 2017. Eigi það markmið að nást þarf öll núverandi uppskera af maís að fara í að framleiða etanól. Í Evrópu hefur meiri áhersla verið lögð á að framleiða lífræna dísilolíu en til þeirrar framleiðslu þarf korn. Raunar hefur Evrópusambandið veitt bændum, sem framleiða korn, styrki. Þannig myndast hvati til að framleiða ekki fyrir matvælaíðnað og markaðurinn bjagast. Allt leggst þetta á eitt við að hækka matvæla-verð en nýverið viðurkenndu forvígismenn Evrópusambandsins að endurskoða þyrfti þessa stefnu enda ljóst að afleiðingarnar verða alvarlegar. Annarra leiða verði að leita til að bregðast við gróðurhúsaáhrifum.

Uppskerubrestur og landskortur

Á framboðshlið matvælamarkaðarins eru líka vandráði. Víða um heim hafa veðurskilyrði verið slæm. Sums staðar eru óvenjumiklir þurrkar en önnur svæði eru þjökud af flóðum. Þetta veldur því að framleiðsla ýmissa afurða færir milli svæða. Aðgengi að áveituvatni er víða takmarkað og horfur eru á að sá vandi muni síst minnka því að



aukin eftirspurn eftir próteinríkari matvælum í Kína og Indlandi eykur mjög þörfina fyrir vatn. Talið er að 15 tonn af vatni þurfi til að framleiða 1 kg. af nautakjöti en 1,5 tonn þarf til að framleiða 1 kg. af hveiti. Að óbreyttu munu því tilteknir erfiðleikar skapast við framleiðslu landbúnaðarafurða. Hins vegar er rétt að minna á að margvíslegar tækni-breytingar geta auðveldlega haft þau áhrif að auka uppskeru og draga úr vatnsnotkun við framleiðsluna.

Matvæla-verð hér á landi hefur farið lækkandi síðustu ár og sífelld lægra hlutfall af tekjum fólks fer til matar-kaupa. Þótt miklar hækkningar á heimsmarkaði hafi enn ekki haft mikil áhrif hér kann það að breytast. Íslenskir matvælaframleiðendur geta ekki tekið á sig miklar hækkningar í viðbót en þróunin á síðasta ári bendir eindregið til að margir hafi gert það. Matvælaframleiðendur bregðast við þessari þróun með því að reyna að nýta hráefnið betur og hagræða í rekstri eins og kostur er, hér eftir sem hingað til.

Jafnvægi að nást á vinnumarkaði

Vinnumarkaður á fjórða ársfjórðungi

	2004	2005	2006	2007
Atvinnuþátttaka í %	79,70%	81,30%	82,10%	81,70%
Atvinnuleysi í %	2,50%	2,70%	2,50%	1,90%
Vinnuafli	160.300	165.900	174.300	179.800
Starfandi	156.300	161.500	169.900	176.300
Atvinnulausir	4.000	4.400	4.300	3.500
Starfandi í fullu starfi	117.500	119.000	129.300	134.600
Starfandi í hlutastarfi	38.800	42.400	40.600	41.700
Heildarvinnutími á viku	41,3 klst	41,6 klst	42,2 klst	40,8 klst
Vinnutími í fullu starfi	46,8	47,6	47,8	46,1
Vinnutími í hlutastarfi	24,1	23,9	23,8	23

Heimild: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands

Atvinnuleysi á Íslandi er nú með minnsta móti og hefur minnkað stöðugt frá árinu 2003. Í lok árs 2007 mældist atvinnuleysi aðeins um 0,9% skv. tölum Vinnuálagstafnunar en 1,9% skv. tölum Hagstofunnar. Munurinn liggur í mismunandi aðferðafræði. Svo lítið atvinnuleysi er til marks um mikla spennu á vinnumarkaði og hætt er við að launþrýstingur yti undir verðbólgu því að slíkar launahækkningar skýrast ekki af aukinni framleiðni vinnuafli. Það er því efnahagslega afar mikilvægt að niðurstaða kjarasamninga, sem voru lausir um áramótin, styðji við markmið um lága verðbólgu. Þannig verða starfsskilyrði atvinnulífsins best tryggð sem og viðvarandi kaupmáttur launafólks. Blikur eru þó á lofti.

Kólnun framundan

Mikill vöxtur var í efnahagslífinu allt fram undir lok ársins 2007 en hins vegar bendir flest til að nokkuð hröð kólnun sé hafin. Upphaf kólnunar markast af sviptingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem hófust um mitt síðasta sumar. Hér á landi er afleiðingin m.a. mikil lækkan á verði hlutabréfa og skert geta banka til að fjármagna verkefni. Þetta kann að stuðla að því að hægt verði á verkefnum í atvinnulífinu og þar með þrengt að vinnumarkaði. Að sama skapi ætti vöxtur einkaneyslu að stöðvast og hugsanlega dragast saman. Því hljóta verulegar líkur að vera á því að atvinnuleysi aukist á þessu ári, hversu mikið fer þó líka eftir því hversu hreyfanlegt erlenda vinnuaflið er hér á landi.

Mikill vöxtur í vinnuafli

Á aðeins fjórum árum hefur þeim, sem starfa á íslenskum vinnumarkaði, fjölgað um 20 þúsund. Þessi fjölgun er mikil búbot fyrir efnahagslífið enda vex framleiðslugeta hagkerfisins með tilsvarandi hætti. Íslendingar eru um fjórðungur þessarar fjölgunar en aðrir koma frá útlöndum. Margt bendir til að starfandi fólki fækki nokkuð árið 2008 enda mun ýmsum mannaflsfrekum framkvæmdum ljúka það ár. Þróun vinnumarkaðarins á þessu ári er hins vegar sveipaður óvissu vegna aðstæðna í efnahagslífinu og þeirrar staðreyndar að kjarasamningar hafa ekki verið leiddir til lykta.



Gamalli klukku sómi sýndur

Fyrir rúmum sextíu árum færði Úrsmiðafélag Íslands Sjómannaskólanum í Reykjavík forlata turnklukku að gjöf. Henni var komið fyrir í turni skólans en eftir sex áratuga dygga þjónustu var talið tímabært að taka klukkuna niður og yfirfara hana. Þá kom í ljós að skífur og hjólaverk þeim tengd voru illa farin af slit og tæringu svo að ákveðið var að kaupa nýja rafeindadrifna klukku til að leysa þá gömlu af hólmi.


Stjórn Úrsmiðafélags Íslands fylgdist með gangi mála og fannst við hæfi að slíkum menningarverðmætum yrði forðað frá glötun. Á aðalfundi félagsins árið 2007 var samþykkt að félagið kostaði viðgerð á klukkunni ásamt hönnun og smíði glerturns þar sem klukkan yrði varðveitt til frambúðar.

Hinn 23. nóvember síðastliðinn afhenti formaður Úrsmiðafélagsins Fjölnis tækniskólanum hina nýuppgerðu turnklukku til varðveislu í anddyri skólans. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir veitti klukkunni viðtöku fyrir hönd skólans að viðstöddum fjölda gesta.

Við þetta tækifæri var fleirum en klukkunni sómi sýndur því að stjórn Úrsmiðafélags Íslands gerði Jón Korneilius Jónsson, úrsmiðameistara, að heiðursfélaga fyrir störf hans og liðveislu við félagið um áratuga skeið.

Ólga í efnahagslífinu

Gengi evru og dollara á móti krónu 2006-2007



Óhætt er að fullyrða að þróun peningamála, þ.e. þróun vaxta, gengis og verðbólgu, hafi verið eitt helsta áhyggjuefni Samtaka iðnaðarins undanfarið ár. Skal engan undra enda er það mikilvægasta einstaka hagsmunamál iðnaðarins að hér ríki stöðugleiki í verðlagi og gengi og að vaxtastig sé samkeppnishæft. Svo hefur þó alls ekki verið undanfarin ár. Sem betur fer hefur gengið vel á mörgum sviðum iðnaðarins en þær þungu byrðar, sem framkvæmd peningamálastefnunnar hefur lagt á útflutnings- og samkeppnisiðnaðinn, kunna að vera færast yfir á fleiri svið iðnaðarins. Þegar við bætist mikið umrót og lækkun á fjármálamörkuðum og lausafjárskortur í bönkunum er sannarlega ástæða til að óttast samdrátt. Það er erfitt og krefjandi verkefni að sigla þjóðarskútunni í gegnum þann ólgsjú sem framundan er. Til þess þarf samhent átak stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins en hagstjórn síðustu missera og fyrirkomulag peningamála gerir verkefnið erfitt.

Erfiðleikar í Seðlabankanum

Vextir í árslok 2007 voru 13,75% og vaxtamunur við umheiminn vaxandi þar sem Seðlabankar víða um heim lækk-uðu vexti í kjölfar vandræða í fjármálaheiminum en þó ekki á Íslandi. Almennt er staðan á fjármálamörkuðum

heims mjög viðkvæm um þessar mundir. Í alþjóðavæddu efnahagssumhverfi nútímans fer Ísland ekki varhluta ef þessu ástandi.

Seðlabanki Íslands á erfitt með að bregðast við efnahagsástandinu hér á landi með því að lækka vexti. Ástæðan er sú að virkasta rás peningastefnunnar er gengið – lækki vextir veikist gengi krónunnar og öfugt. Veiking krónunnar veldur verðbólgu. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahag fyrirtækja og heimila þar sem skuldir þeirra eru ýmist verð- eða gengistryggðar. Efnahagslífið er því fast í gíslingu hárra vaxta þótt aðstæður þarfnist þess að þeir verði lækkaðir.

Miklar verðbólguvæntingar eru viðvarandi og gera Seðlabankanum erfitt um vik að ná markmiðum sínum. Ein ástæðan er sú að flestir búast við að gengið verði áfram óstöðugt: Þrátt fyrir háa vexti getur gengið gefið verulega eftir hvenær sem er með verðbólgu-skoti í kjölfarið. Væntingar um mikla verðbólgu festast í sessi vegna þess að fæstir trúa því að gengi krónunnar haldist stöðugt.

Verðbólga og fasteignaverð

Í árslok 2007 var verðbólga 5,9% en 2,6% án húsnæðis. Margt bendir til að verðbólgan sé að aukast - annars vegar vegna hækkunar vaxta, fasteignaverðs

Gengi krónunnar hefur sveiflaðist afar mikið árið 2007. Fyrri hluta ársins styrktist krónan nokkuð og jafnaði sig eftir mikið gengisfall fyrri hluta ársins 2006. Í ágúst 2007 gaf gengið hins vegar verlega eftir og erlendir gjaldmiðlar styrktust. Þetta gerðist í kjölfar ólgu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

og olíuverðs en líka vegna þess að gengi krónunnar er að veikjast. Athyglisvert er að hækkun vaxta hefur bein áhrif til hækkunar vísitölu neysluverðs því að aukin vaxtabyrði kemur inn í mat á vísitölunni. Þessi undarlega staða veldur því að vaxtahækkun bitur í skottið á sér – getur raunar þrýst á aðra vaxtahækkun því að fyrri vaxtahækkun stuðlaði að aukinni verðbólgu. Ein leiðin til að vinda ofan af þessu er að fasteignaverð lækki en það hjálpar Seðlabankanum við að ná verðbólgu-markmiðinu. Skellur á þessum markaði getur þó orðið talsverður ef lækkun húsnæðisverðs og mikið framboð íbúðarhúsnæðis fara saman. Lækkandi fasteignaverð, hvort heldur raun- eða nafnlækkun, getur haft víðtæk alvarleg efnahagsleg áhrif.

Brostnar forsendur

Gengisvísitala krónunnar í árslok 2007 var um 120 sem er í sjálfu sér ekki svo fjarrí æskilegu langtímajafnvægi. Dollarinn er vissulega veikur en það er vegna veikrar stöðu hans á alþjóðamörkuðum. Þeir kraftar, sem augljóslega togast á, eru annars vegar þeir gífurlega háu vextir sem fást með því að ávaxta fé í krónum og hins vegar áhættufælni fjárfesta sem er mikil um þessar mundir. Framan af árinu 2007 höfðu fyrrnefndu kraftarnir betur og krónan styrktist en

fjárfestar um allan heim forðast mikla áhættu í kjölfar lausafjárkreppu bankaanna. Því hefur krónan gefið nokkuð eftir. Í þessu samhengi er raunar áhuga-vert að velja því fyrir sér að helstu rök- in fyrir því að hafa sjálfstæðan gjald- miðil á sínum tíma voru þau að gengið virkaði sem öryggisventill og gæti jafn- að út sveiflur í efnahagsbúskapnum. Ekki verður annað séð en að sú for- senda sé brostin enda sveiflast gengi krónunnar frekar eftir því hvernig vind- ar blása í heimsbúskapnum en hvernig þorskveiðar ganga. Áhugavert er að minnast þess að daginn eftir að tilkynnt var um 60 þúsund tonna niðurskurð á þorskvóta um mitt ár styrktist gengi krónunnar.

Krefjandi verkefni framundan

Flestir eru sammála um að ákjósanleg staða í efnahagslífinu sé lág verðbólga, samkeppnishæft vaxtastig og stöðugt gengi. Þrátt fyrir ágætan hagvöxt og mikla atvinnu njótum við engra þessara æskilegu skilyrða. Því miður er engin töfralausn til. Til skamms tíma hlýtur krafan þó að vera sú að ógnarháir vextir valdi ekki frekari skaða. Vextir voru hækkaðir til að bregðast við mikilli þenslu. Með rökum bankans ætti að hefja lækkun vaxta tafarlaust. Vandinn er hins vegar sá að því fylgir hætta á falli krónunnar og verðbólgu- skoti í kjölfarið. Á þessu vandamáli verður hins vegar að taka.

Seðlabankinn ber ekki einn ábyrgð á því að krónan er í gíslingu og peningamálstefnan virkar ekki. Vandinn er kerfislægur og þau viðmið, sem peningastefnan fylgir, eru gagnrýniverð. Reynolds síðustu ára, þar sem verðbólga hefur jafnan verið vel yfir verðbólgu- markmiði, sýnir glögglega að núverandi fyrirkomulag skilar ekki tilætluðum árangri m.a. vegna þess hve óstöðugt gengi krónunnar er. Eitt brýnasta ein- staka viðfangsefni hagstjórnar á næstu misserum er að endurskoða fyrirkomu- lag peningamála. Núverandi fyrirkomu- lag gengur ekki lengur.

Rannsóknir ESB í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Nú stendur yfir 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins sem hófst í byrjun árs 2007 og stendur til ársins 2013. Innan áætlunarinnar eru starfræktar ýmsar undiráætlanir, þ.á.m. áætlun um rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða SME áætlunin svokölluð. Markmið hennar er að styrkja hæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu til nýsköpunar og auka framlag þeirra til vöru- og markaðsþróunar sem bygg- ist á tækni. Áætlunin veitir fyrirtækjun- um stuðning til að leita sér aðstoðar við lausn rannsóknaverkefna, efla eigin rannsóknir, auka tengsl, bæta nýtingu rannsóknaniðurstaðna, bæta eigin tækniþekkingu og brúa bilið milli rann- sókna og nýsköpunar.

Þrenns konar aðgerðir felast í áætlun- inni um rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja:

1. Stuðningur við kaup á rannsóknnum. Hann felst í því að lítil og meðalstór

fyrirtæki, eða samtök slíkra fyrirtækja, fá fjárstuðning til fela rannsóknastofnunar, háskólum eða sérhæfðum rannsóknafyrirtækjum að vinna verkefni sem fyrirtækin ráða ekki við sjálf. Kostnaður við verkefni getur verið á bilinu 0,5-1,5 milljónir evra.

2. Verkefni sem felast í því að sam- ræma rannsóknir í aðildarlöndum áætlunarinnar.
3. Aðstoð við að ná betri árangri í verkefnum.

Verkefni innan SME áætlunarinnar eru alfarið á forsendum fyrirtækjanna sjálfra og geta verið á hvaða sviði sem er svo framarlega sem þau falla að meginmarkmiðum 7. rannsóknáætlun- arinnar. Auglýst er eftir umsóknum árlega. Næsti umsóknarfrestur er 11. apríl 2008.

Samtök iðnaðarins eiga sæti í stjórn- arnefnd SME áætlunarinnar.

GS1 á Íslandi

GS1 Ísland (EAN) eru félagasamtök, sem voru stofnuð árið 1984 og eru ein af 105 aðildarsamtökum GS1 Interna- tional. Samtök iðnaðarins og fern önnur samtök í atvinnulífinu annast nú rekstur þess.

Markmið samtakanna er að skapa samhæft umhverfi aðila sem koma að vöruflæði innan aðfangakeðjunnar.

Notendastaðlar um strikamerkingar eru grunnur starfseminnar en starf-

semi á sviði gagnalauga "GDSN", ör- merkjaskráninga "RFID" og rafrænna viðskipta "Ecom."

GS1 tók á síðasta ári að sér að stýra starfi um staðlaðar aðferðir við vöru- flæði innan heilbrigðisgeirans og aukin áhersla er nú lögð á alþjóðlega notkun rafrænna viðskipta í samvinnu við UN/ CEFACT. Ýmsar upplýsingar um ofan- greint er að finna á vef GS1 Ísland, www.gs1.is



Framleiðniverkefni Málms og SI

Málmur hefur unnið eftir þeirri framtíðarsýn að fyrirtæki í málm- og véltækni verði öflug, sérhæfð og arðsóm og virkir þátttakendur í útrás á alþjóðamörkuðum. Til þess að sem flest fyrirtæki í greininni nái þessu markmiði hafa Samtök iðnaðarins unnið að því að gera þeim kleift að laga sig enn frekar að nýrri tækni með öflugum framboði tækninámskeiða og ennfremur með aðgerðum til að auka framleiðni og gæði þjón-ustu og framleiðslu.

Mikil undirbúningsvinna fór fram áður en Samtökin buðu fyrirtækjum markvissa aðstoð til að auka framleiðni. Sú aðstoð felst í að koma öllum vinnuferlum og skipulagi á


traustan og sýnilegan grunn og staðfesta það með vottun. Til þess að auðvelda venjulegum fyrirtækjum, stórum og smáum, að vinna skipulega og markvisst að þessum málum á lágstilltum nótum var ákveðið að skipta aðgerðum í fjögur skilgreind þrep. Þá varð til það sem nú er kallað áfangaskipt gæðavottun.

Fyrsta þrepið felst í að koma góðu og sýnilegu lagi á skráningu og verkferla og grunnskipulag viðkomandi fyrirtækis. Þegar þessum fyrsta áfanga er náð og hann vottaður er greið leið að fara að vinna að þeim þáttum sem skilgreindir eru í næsta áfanga. Að þeirri vinnu lokinni og hún vottuð hefur fyrirtækið náð góðum tókum á þýðingarmestu þáttum rekstrarins. Þá liggja fyrir verðmætar upplýsingar og aðgengileg gögn sem nýtt eru í næstu áföngum. Tvö seinni þrepin eru svo skilgreiningar á ýmsum verklagsreglum og eftirliti í anda viðurkenndrar gæðastjórnunar sem er forsenda þess að auka framleiðni og ná fram bestu afkomu. Þegar fjórða og síðasta áfanganum er náð er stutt í að fullnægja hinum alþjóðlega gæðastaðli ISO-9001:2000. En ekki stefna öll fyrirtæki svo hátt og þess vegna eru áfangarnir mjög góð og aðgengileg aðferð fyrir þau til að feta sig upp í samræmi við þarfir og væntingar hvers og eins.


Áfangavottun

Fyrirtæki í málm- og véltæknigeiranum hafa sýnt þessari aðferðafræði áhuga og þau fyrstu hafa þegar fengið vottaða fyrsta og annan áfanga. Þar með eru hafnar aðgerðir í fyrirtækjunum innan Málmis sem stuðla sannarlega að því að ná því markmiði samtakanna að auka framleiðni í greininni. Forstöðumaður orðar reynslu sína svo: „Það var mjög gaman að taka þátt í þessu ferli enda hvetur það mann til að gera betur og skoða hvar maður stendur. Það kom í ljós að við gerðum margt vel en annað bættum við. Nú er þetta lítið, gæðavottað og kraftmikið fyrirtæki með tólf manns í vinnu og stöðugt unnið að uppbyggingu.“

Þessi ummæli gætu verið samnefnari fyrir þá sem hafa tekið tilboði Samtakanna um áfangastýrða gæðavottun og lagt grunn að meiri framleiðni og bættum rekstri í fyrirtækjum sínum.



Eftirlitsstofnun ESA sammála SI og SA



Á síðasta Alþingi var samþykkt breyting á hafnalögum þar sem heimilt er að styrkja viðgerðir á upptökumannvirkjum (slippum) á sama hátt og væru þau hafnarmannvirki þar sem slíkur stuðningur er heimill. Þetta var

gert þó að SI og SA hefðu varað samgöngunefnd þingsins við og bent á að ekkert benti til að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gæti fallist á þá skipan enda giltu aðrar reglur um styrki til skipaiðnaðar, og þar á meðal til slippa, en hafnarmannvirkja. Slíkir styrkir til skipaiðnaðar eru algjörlega óheimilir og breytir engu þótt einstök ríki kjósi að kalla slippa hafnarmannvirki. Auk þess var bent á að allt benti til að slíkir styrkir brytu í bága við markmið samkeppnislaga þar sem þeir slippa, sem eru í einkaeign hér á landi, eiga ekki rétt á slíkum styrkjum.

Þegar Alþingi hafði samt sem áður staðfest ofangreint ákvæði vísuðu SI og SA málinu til úrskurðar ESA. Eftir vandlega yfirferð ákvæðs ESA að hefja formlega rannsókn og gaf út ítarlegt og vandað bráðabirgðarálit sem staðfestir öll meginsjónarmið samtakanna í máli þessu. Þar segir að á þessu stigi sé afstaða stofnunarinnar að lögin séu ekki í samræmi við ákvæði EES um ríkisstyrki. Auk þess telur hún að ekki sé unnt að réttlæta slíka mismunum milli eigenda slippa sem eru í opinberri eigu og hinna sem eru í einkaeign. Nú hafa aðilar málsins svigrúm til að tjá sig um þetta álit stofnunarinnar og þess að vænta að lokaúrskurður liggja



GERUM GOTT ÚR ÞESSU

Í maí var hleypt af stokkunum kynningarátakinu „Gerum gott úr þessu“ um flokkun og endurvinnslu dagblaða, tímarita og auglýsingaefnis. Átakið var unnið í samvinnu við útgefendur dagblaða og tímarita, prentfyrirtæki og verslunarkæðjur innan Samtaka iðnaðarins og SVP-samtaka verslunar og þjónustu.

Kynnt var merki sem sett er á prentefni sem borið er í hús til að minna á að flokka og skila blöðunum til endurvinnslu að lestri loknum í stað þess að farga þeim með almennu sorpi. Allir, sem gefa út dreifipóst, voru hvattir til að nota merkið sér að kostnaðarlausu. Verkefninu var fylgt eftir með auglýsingum í prentmiðlum og birtust þær á heilsíðum í dagblöðum allt fram að jólum. Í auglýsingunum er minnt á að auðvelt er að gefa pappírnum framhaldslíf með því að flokka hann og skila til endurvinnslu.

Aukið magn pappírs á heimilum

Dagblöð, tímarit og auglýsingapóstur eru vörur sem hafa að jafnaði stutta viðdvöl á heimilum okkar. Þó vilja fæstir vera án þeirra. Prentefni, sem berst inn á heimili landsmanna, hefur aukist nokkuð undafarin ár og magn dagblaða- og tímaritaúrgangs að sama skapi. Tæplega helmingur prentefnis, sem borið er í hús, skilar sér til endurvinnslu. Forráðamenn útgáfufyrirtækja, auglýsingastofa og prentsmiðja hafa áhyggjur af þessari þróun og vildu með þessu verkefni leggja

sitt af mörkum til að snúa henni við. Það er vænleg leið til árangurs að minna fólk á að flokka og skila prentefni með auglýsingum og sérstöku merki.



Úrvinnslugjald eða aukin endurvinnsla

Nokkuð hefur verið rætt um að leggja úrvinnslugjald á pappír. Gjaldinu er ætlað að vera hagrænn hvati sem stuðlar að endurnýtingu. Það hefur verið lagt á vörur sem annars eru urðaðar með almennu sorpi því að dýrt er að flokka þær frá og endurvinna. Nú vill svo til að dagblöð eru flokkuð og árangur hefur verið ágætur. Rétt er að benda á að það er ódýrara að endurvinna en að urða pappír. Þeir, sem meðhöndla úrgang, spara því þegar pappír er flokkaður frá almennum úrangi. Úrvinnslugjald á prentefni yrði fyrst og fremst til þess að sveitarfélög fengju greiddan kostnað við söfnun og endurvinnslu þess úrgangs sem nú þegar er enduruninn. Með átakanu „Gerum gott úr þessu“ er valin önnur leið þar sem markmiðið er aukin endurvinnsla. Fyrirtækin leggja beint í kostnað við kynningarátak og hvetja til endurvinnslu. Sú leið skilar öllum ávinningi. Það er mikill akkur fólgin í því fyrir sveitarfélögin að fá prentmiðla í lið með sér við að breiða út boðskap um gagnsemi endurvinnslu. Það leiðir væntanlega til þess að almenningur hugsi meira um þessi mál og auki sorpflokkun almennt. Þetta verkefni er dæmi um það hvernig fyrirtæki geta stuðlað að betri meðhöndlun á vörum sínum. Átak af þessu tagi, sem fyrirtæki kosta sjálf, getur skilað þeim árangri sem annars væri hægt að ná með því að leggja á þau úrvinnslugjald.

Gætum að umhverfinu

Nokkrar góðar ástæður mæla með því að dagblöð séu flokkuð frá öðrum úrgangi og þeim skilað í blaðagáma. Dagblöð og tímarit henta vel í endurvinnslu. Auðvelt er að nota prentuð blöð sem hráefni í nýjar vörur og flokkaður úrgangspappír er seldur á markaði í fjölbreytta framleiðslu. Þetta er hringrás sem auðvelt er að halda gangandi ef við flokkum og skilum. Þeir sem flokka og skila blöðum, viðhalda hringrás efnisins, skila hráefninu aftur til framleiðenda sem búa til nýjar vörur úr þeim sem koma til okkar aftur innan fárra vikna og mánaða. Það er betra fyrir umhverfið að endurvinna pappír en urða hann. Ef borin eru saman umhverfisáhrif endurunnsins pappírs og nýs pappírs kemur sá endurrunni að jafnaði betur út. Þar munar mestu um minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga og framleiðslu á pappír.

Allir geta flokkað

Flokkunin er einföld því að setja má saman dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír sem til fellur á heimilum og skila í sérstaka gáma sem eru á fjölförnum stöðum eða til endurvinnslustöðva. Einnig bjóða gámafyrirtæki endurvinnslutunnu við heimahús og í þær má láta flokkaðan úrgang, m.a. dagblöð og annan pappír.

Íslenskur raforkumarkaður

Einkavæðing, skipulagsbreytingar og samkeppni

Umræður um orkumál hafa verið óvenjuheitar á vettvangi stjórnmalanna að undanfögnu ekki síst í borgarstjórn Reykjavíkur. Samtökum iðnaðarins hafa orkumálin lengi verið hugleikin og þau efndu til opins fundar í október um íslenskan raforkumarkað, einkavæðingu, skipulagsbreytingar og samkeppni á Grand Hótel. Á annað hundrað manns sóttu fundinn.

Framsögumenn voru Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðar-nefndar Alþingis, Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá Samtökum iðnaðarins, Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar og Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls og stjórnarmaður í SI.

Á fundinum kom berlega fram að einkavæðing á raforkumarkaði er þegar hafin en það átti sér stað þegar íslenska ríkið seldi hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja. Bent var á að með aðkomu einkaaðila hefði skapast bakland á heimamarkaði sem væri mikilvægt í útrásinni til að íslensk orkufyrirtæki geti orðið sýnidæmi fyrir erlenda aðila um hvernig Íslendingar virkja jarðhitann.

Markalínur verði skýrari

Frummælendur voru almennt sammála um að tímabært væri að skapa lagaumhverfi fyrir aðkomu einkaaðila á þessum markaði og virkja kraft þeirra. Markalínur milli einkareksturs



og opinbers reksturs verði að vera skýrari en að því gefnu eigi ekkert að verða því til fyrirstöðu að ríki, sveitarfélög og markaðurinn byggi upp alþjóðleg fyrirtæki á orkumarkaði. Það verði gert á gegnsæjan hátt og forgangur almennings tryggður.

Skipulagsbreytinga þörf

Rætt var um leiðir til að auka samkeppni á raforkumarkaði og lækka orkuverð. Aðskilnaður fyrirtækja í samkeppnis- og sérleyfisrekstri var talin góð leið til að auka gegnsæi á markaðnum og auðvelda aðkomu nýrra aðila. Ekki væri seinna vænna að setja leikreglur fyrir aðkomu einkaaðila og gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar til að heilbrigð samkeppni geti þrífist á raforkumarkaði. Það sjónarmið kom fram að hlutafélagavæðing og aðskilnaður fyrirtækja væri skilyrði fyrir samkeppni og gegnsæi á raforkumarkaði og að fyrirtæki á samkeppnismarkaði ættu ekki að vera í opinberri eigu.

Varðandi framtíðaruppbyggingu verði annaðhvort að byggja upp frekari stórnotkun hér á landi, fara í útrás eða tengja landið öðrum mörkuðum. Leidd voru rök að því að með uppbyggingu stóriðju hefði myndast mikil framleiðslugeta sem nýttist í raun öllum markaðnum til að unnt væri að lækka orkuverð.

Icepro

Icepro vinnur að samræmingu, stöðlun og ögun í rafrænum samskiptum en að þeim standa ráðuneyti, stofnanir og helstu samtök atvinnulífsins auk ýmissa fyrirtækja. Icepro leggur áherslu á að vera hlutlaus vettvangur atvinnulífs og ríkis. Þangað geta allir aðilar leitað með erindi sem tengjast rafrænum viðskiptum í þeim tilgangi að hafa samráð og byggja upp sammæli um rafræn viðskipti. Á síðasta ári var lögð áhersla á að vinna við UBL/NES staðalinn um rafræna reikninga með XML sniði sem ICEPRO tók saman í samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir. Sérstök handbók var gefin út um staðalinn sem hægt er að nálgast á vef Icepro, www.icepro.is

Ályktun Iðþings 16. mars 2007

Hagvöxtur á Íslandi verður í framtíðinni drifinn áfram af fyrirtækjum sem reiða sig á vel mannað starfsfólk, ekki síst í iðn- og tæknigreinum. Efla verður raungreina-kennslu á öllum skólastigum og bæta árangur nemenda. Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppistaða þess auðs. Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn. Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda og þess vegna koma Samtök iðnaðarins að rekstri skóla. Það er fagnaðarefni að menntamálaráðherra ætla að leggja hönd á plóg við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Samtök iðnaðarins sýna vilja sinn í verki og hafa ákveðið að verja verulegum fjárhæðum til þessa málaflokks.

Íslensk viðskiptabankapjónusta einkennist af fákeppni. Vaxtamunur, há lántökugjöld og uppgreiðslugjöld eru skýr merki um það. Viðskiptavinir bankanna geta ekki óhindrað flutt viðskipti sín til þeirra sem bjóða bestu kjörin. Ein ástæða þess er stimpilgjaldið en það dregur verulega úr samkeppni. Stimpilgjaldið hefur æ minna gildi sem tekjustofn fyrir ríkissjóð en skaðsemi gjaldsins fer vaxandi. Til að ýta undir heilbrigða samkeppni bankanna og tryggja betur samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er nauðsynlegt að afnema stimpilgjaldið.

Skapa verður sátt um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og ná jafnvægi milli verndar og nýtingar. Of langt er að bíða til ársins 2010 eftir nýtingar- og verndaráætlun, eyða þarf óvissu sem nú ríkir bæði um verndun landsvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Þær ber m.a. að nýta til þess að skapa störf og útflutningsverðmæti. Gæta verður sanngirni gagnvart fyrirtækjum sem þegar eru starfandi. Eðlilegt er að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu auðlinda en fyrirtæki í einkaeigu nýti en greiði fyrir. Auðlindagjald renni í sjóð m.a. til eflingar rannsókna og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Samtök iðnaðarins krefjast þess að Alþingi, sem kjörið verður í vor, taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til alvarlegrar skoðunar og komist að niðurstöðu á kjörtímabilinu. Ná þarf sem víðtækastri samstöðu meðal stjórnmalaflokka, samtaka atvinnurekenda og launþega um stefnu þjóðarinnar í Evrópumálum.



IÐNÞING 2007

Iðþing var haldið 16. mars að Grand Hótel Reykjavík. Umgjörð þingsins var með nokkuð öðru sniði en verið hefur og hin glæsilegasta. Þinggestir hafa líklega aldrei verið fleiri. Yfirskrift þingsins var **Farsæld til framtíðar** og efni þess vakti verðskuldaða athygli fjölmiðla. Aðalræðumenn voru fjórir, þeir Jón Sigurðsson, þáverandi iðnaðarráðherra, Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, Víglundur Þorsteins-son, stjórnarformaður BM Vallár ehf. og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins. Auk þess lýstu 13 viðmælendur úr ýmsum áttum viðhorfum sínum til landsmála. Þar var vikið að fjölmörgum þáttum sem geta skipt sköpum þegar metið er hvort farsæld ríki hér á landi þegar horft er til framtíðar.

Tímamót framundan í áliðnaði á Íslandi

Árið 2007 urðu sannarlega tímamót í áliðnaði á Íslandi. Lokið var við byggingu Norðuráls á Grundartanga og undir lok árs var straumi hleypt á síðasta keríð. Framleiðslugetan er nú 260.000 tonn en var 60.000 tonn árið 1998. Einnig var lokið við byggingu Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Nokkur seinkun varð þó á afhendingu raforku frá Kárahnjúkum og gert er ráð fyrir að álverið nái fullum afköstum í mars 2008. Einstakur atburður varð í atvinnusögu Íslands í mars þegar afar naumur meirihluti Hafnafirðinga hafnaði tillögum um stækkun Ísals í Straumsvík. Einu stærsta iðnfyrirtæki landsins, sem verið hefur kjölfestan í atvinnulífi Hafnarfjarðar í fjóra áratugi, var meinað að stækka þótt það hefði fullnægt öllum skilyrðum sem sett voru. Að mati Samtaka iðnaðarins var hér um afar óvandaða stjórn-sýslu að ræða enda frumskilyrði að atvinnulífið geti treyst því að farið sé að

fyrirfram settum leikreglum. Svo var ekki í þessu tilviki.

Árið 2008 markar tiltekin tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar. Í fyrsta skipti í sögunni mun sjávarútvegur ekki skila mestum útflutningstekjum í þjóðarþúíð heldur áliðnaður, ef spár rætast. Árið 2008 er gert ráð fyrir að verðmæti útflutts áls verði 135 milljarðar króna á móti 119 milljörðum úr sjávarútvegi. Fyrir þessu eru tvær augljósar ástæður, mikil kvótaskerðing á þorski og stórau-kin álframleiðsla. Árið 2007 munaði mestu um stækkun Norðuráls á Grundartanga en árið 2008 mun álver Alcoa í Reyðarfirði starfa á fullum afköstum. Vaxandi hlutur áliðnaðar í íslenskum þjóðarþúskap kemur sér vel um þessar mundir enda ljóst að án aukins álútflutnings væri kvótaskerðing mun þyngra áfall en ella fyrir efnahagslífið. Aukin útflutningur á áli stuðlar einnig að bættu jafnvægi í utanríkisviðskiptum.



Norðurál við Grundartanga

Ábyrgð á hættumati efna færð til fyrirtækja



Ný efnalöggjöf Evrópusambandsins tók gildi 1. júní 2007 og er væntanleg í íslenska löggjöf á vormánuðum 2008. Reglugerðin verður samhljóða í öllum löndum EES og engar breytingar verða gerðar í innleiðingarferli hennar í einstökum löndum.

Ástæða er til að hvetja íslensk fyrirtæki til að athuga vel hvort efni, sem þau nota, eru skráningarskyld. Framleiðendum og innflytjendum efna er skylt að skrá efni sem þeir framleiða eða flytja inn á EES svæðið í meira magni en 1 tonn á ári. Þetta á bæði við um hrein efni og innihaldsefni í efnablöndum. Forskráning fer fram árið 2008 og mikilvægt er að skrá efnin á réttum tíma. Það er forsenda fyrir að fá að nota efnin áfram en endanleg skráning efna fer fram á árunum 2010-2018. Gera má ráð fyrir að einhver efni og vörur hverfi af markaði og því er ráðlagt að kanna hjá birgjum hvort efni, sem notuð eru, verði skráð. REACH löggjöfin gerir enn fremur kröfur til dreifingar- aðila og notenda í iðnaði og því er full ástæða fyrir fyrirtæki að hafa með stöðu sína á hreinu hvað þetta varðar. Rétt er að benda á að ekki eiga eingöngu í hlut hefðbundin hættuleg efni heldur innihaldsefni efnavöru almennt séð.

Markmiðið með hinni nýju löggjöf ESB er að vernda heilsu fólks og umhverfið en með henni er gengið mun lengra en þekkt annars staðar í heiminum. Iðnrekendur utan Evrópu munu ekki lúta sambærilegum reglum nema þegar þeir flytja efni eða vörur inn á EES svæðið.

SI hafa haldið nokkra kynningar- fundi um REACH og fjallað um málið í fréttabréfi sínu. Á www.si.is má nálgast kynningarefni og upplýsingar um REACH.

Erlendar starfsmannaleigur

Hinn 20. september 2007 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í svokölluðu Impregilo-máli. Niðurstaða réttarins varð sú að starfsmannaleigurnar sjálfar teldust almennt launagreiðendur og að þeim bæri því að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa viðkomandi starfsmanna sinna. Verktakafyrirtækið Impregilo var því sýknað af kröfum ríkisins. Niðurstaða Hæstaréttar er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast í sambærilegum málum víða í Evrópu.



Sérkennileg viðbrögð stjórnvalda

Viðbrögð stjórnvalda við sýknudómi Hæstaréttar komu hins vegar verulega á óvart. Fjármálaráðherra lagði fram frumvarp fyrir Alþingi til breytinga á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og fleira. Samkvæmt því skyldu notendur þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan teljast launagreiðendur á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli hefði starfsmannaleigan ekki skattalega heimilisfesti hér á landi. Frumvarp þetta bar þess merki að stjórnvöld treystu sér ekki til að rukka erlendar starfsmannaleigur um opinber gjöld og ætluðu sér því að varpa ábyrgðinni á innlenda viðskiptavinum þeirra. Með frumvarpinu voru erlendar starfsmannaleigur þar að auki þvingaðar til að setja upp starfsstöð hér á landi til að geta boðið fram þjónustu sína.

Sterk viðbrögð Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins gagnrýndu þetta frumvarp harðlega, bæði með grein í Morgunblaðinu og í umsögn til Alþingis um frumvarpið. Gagnrýnin beindist annars vegar að því að ekki hefði verið haft samráð við atvinnulíf um svo mikið hagsmunamál og það unnið í sátt og samlyndi við alla þá sem ættu hagsmuna að gæta. Hins vegar bentu SI á að hæpið væri að frumvarpið stæðist Evrópureglur, þ.e. fjórfrelsisregluna, sem m.a. fjallar um frelsi einstaklinga og fyrirtækja til að bjóða fram þjónustu sína á Evrópska efnahagssvæðinu. Samtök atvinnulífsins tóku undir þessa gagnrýni SI.

Frumvarpinu breytt í meðferð þess hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis


Eftir nokkra fundi fulltrúa SI og SA með efnahags- og skattanefnd Alþingis þar sem fyrrnefnd mótmæli voru áréttuð frekar var frumvarpinu breytt á síðasta haustþingi rétt fyrir jól. Samkvæmt breytingunum á frumvarpinu, sem varð síðan að lögum nr. 169/2007, teljast starfsmannaleigurnar í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum, launagreiðendur nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber þó ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu.

ÍSMÓT 2007

ÍSMÓT 2007, Íslandsmeistaramót þjónustuiðngreina innan Samtaka iðnaðarins, var haldið í Sýningarhöllinni í Laugardal helgina 1. – 2. september 2007. Þarna var keppt í einstökum greinum innan þjónustuiðnaðarins og haldnar sýningar. Auk þess var einstaklingum og fyrirtækjum boðið að vera með sölubása á svæðinu.

Þau félög innan SI, sem stóðu að ÍSMÓTI 2007, voru: Meistarafélag í hárgreiðslu, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.

Sýningin þótti stórglæsileg og bar þess merki hversu frábært fagfólk við eignum í þessum greinum. Aðsókn var mikil og er talið að gestir hafi verið 15 – 20 þúsund.



Meðal viðburða á ÍSMÓTI 2007 – Íslandsmeistaramóti SI og þjónustuiðngreina helgina 1. og 2. sept.:

Hársnyrtir ársins, Snyrtifræðingur ársins, Heilsueyjan Ísland og Demantasýning

Tískusýningar fagfólksins, erlendir fyrirlesarar, glæsileg sölusýning, kynningar og margt fleira

Um 160 fagmenn í hársnyrtingu, snyrtingu, gullsmíði, klæðskurði og ljósmyndun taka þátt í keppnisgreinum SI og fagfélaga í þjónustuiðngreinum á ÍSMÓTI 2007 helgina 1. og 2. september í nýju Laugardalshöllinni. Auk keppenda taka um 50 fyrirtæki, félag og stofnanir þátt í viðamikilli sýningu á staðnum. Í boði verða áhugaverðir fyrirlesarar og í lokin erft til hátíðarkvæðis þar sem úrselit verða kynnt og verðlaun afhent (nánar um hátíðarkvæðið á baksíðu). Enginn aðgangseyrir verður á sýninguna og dagkerá mótsins eill hin glæsilegasta og er því boið við mikilli aðsókn.

Nánari upplýsingar á www.si.is/ismot

Fjöldi erlendra gesta hefur boðað komu sína á ÍSMÓT
Áhugaverður fyrirlesar Michaels Cole laugardaginn 1. september

Í tilefni ÍSMÓTS heldur Michael Cole fyrirlesur sem enginn þjónustuiðngreinum ætti að láta fram hjá sér fara!
Skráning á fyrirlesrin ber fram á www.si.is/ismot

Michael Cole

Sprotabing

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök íslenskra líftækniyrirtækja og Samtök upplýsingatækniyrirtækja stóðu fyrir Sprotabingi 2007 í samstarfi við þingflokka stjórn-málaflokka, ráðuneyti iðnaðar-, viðskipta- og mennta-mála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs í febrúar 2007. Á þinginu var fjallað um stöðu og starfsskilyrði sprota- og hátækniyrirtækja á Íslandi og tillögur þingflokka lagðar fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti þingið og fór yfir það helsta sem unnið hefur verið á vettvangi ríkis-stjórnarinnar frá Sprotabingi 2005. Í máli sínu nefndi ráðherr-ann útgáfu hátækniskýrsla á Iðningi 2005, áskorun SI til ríkisstjórnarinnar í janúar 2006 og nefnd sem fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði til að gera tillögur að umbótum varðandi fjármögnun nýsköpunar.

Í inngangserindi sínu vék Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku og formaður Samtaka srotafyrirtækja, að framtíðarsýn srotafyrirtækja um að „frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tækniyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skila sér inn á almennan hlutabréfamarkað.“ Þá vék Jón að hlutverki Srotavettvangs við að styðja við uppbyggingu srotafyrirtækja og verkefni upplýsingatækniyrirtækja um „Þriðju stoðina“ sem kynnt var á Iðningi 2005.

Í lok erindis síns dró Jón saman þau meginatriði sem leggja þarf áherslu á til bæta starfsumhverfi sprota- og hátækniyrirtækja. Þau eru að auka þarf opinberar fjárfestingar í rannsóknnum og þróun hjá hátækni- srotafyrirtækjum, styrkja þarf Nýsköpunarsjóð þannig að hann geti fjárfest í hátækni- og srotafyrirtækjum sem lengra eru kominn, tryggja þarf stöðugleika krónunnar og vextir verða að komast í eðlilegt horf, mikilvægt er að ríkisstofnanir kaupi hugbúnað- arþjónustu frá fyrirtækjum og ýti þannig undir framleiðslu á stöðluðum hugbúnaði og að lokum þarf hvata fyrir fjárfesta, lífeyrissjóði og einstaklinga til að þeir fjárfesti í hátækni- og srotafyrirtækjum.

Þessu næst kynntu Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, nemendur í Háskólanum í Reykjavík, niðurstöður úr rannsóknarverkefni sínu um stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja sem þeir unnu fyrir Srotavettvanginn með stuðningi SI, HR og Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Í erindi þeirra kom fram að hátt í 50 stuðningsaðgerðir hafa staðið sprotafyrirtækjum til boða á undanförunum árum. Í flestum tilvikum var það mat þeirra, sem hafa nýtt sér þær, að stoðkerfið væri



Eigendur CCP ehf. taka við viðurkenningu á Sprotabingi

gagnlegt en sökum smæðar væri það væri það frekar brotakennt.

Áhugaverðar tillögur þingflokka

Hver þingflokkur kynnti allt að þrjár tillögur í formi lagafrumvarps, þingsályktunartillagna eða reglugerðabreytinga sem haft gætu áhrif á starfsskilyrði sprota- og hátækniyrirtækja.

Þaðan voru þær sendar í þingnefndir, til nánari umfjöllunar. Að lokunum umræðum greindi fulltrúi hvers þingflokks, frá umræðunni í þingnefndinni ásamt þeim breytingartillögum sem fram komu áður en hann lagði tillöguna ásamt breytingartillögum til atkvæðagreiðslu á srotabinginu.

- Þær 7 tillögur sem flest atkvæði hlutu voru eftirfarandi:
- *Efling samkeppnissjóða, frá S-lista*
 - *Frumvarp til laga um endurgreiðslu rannsóknar og þróunarkostnaðar, frá S-lista*
 - *Tillaga til þingsályktunar um að efla með heildstæðum hætti umhverfi íslensks hátækni-iðnaðar á næstu tíu árum, frá S-lista*
 - *Tillögur um starfsmannamál í alþjóðlegu starfsumhverfi, frá D-lista*
 - *Frumvarp til laga um nýsköpunarsjóð Srotafyrirtækja og auðlindasjóð, frá B-lista*
 - *Tillögur um að styrkja stóðir nýsköpunar með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs, frá D-lista*
 - *Frumvarp til laga um breytingu á skattalögum, frá B-lista.*

Í lok Srotabings var fyrirtækinu CCP ehf. veitt sérstök viðurkenning fyrir að hafa komist í úrvalsdeild íslenskra hátækniyrirtækja sem velta árlega yfir einum milljarði króna en fyrirtækið náði að velta um 1,3 milljörðum á síðasta ári. Af því tilefni var fyrirtækið brautskráð úr Samtökum srotafyrirtækja.

Vaxtarsprotinn



Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti dr. Jóni Ágústi Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Marorku, Vaxtarsprotann 2007 í Gerðarsafni við hátíðlega athöfn 9. mars fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Marorka jók veltu sína milli árána 2005 og 2006 um 87,5% en það var mesti vöxtur sprotafyrirtækis á þessu tímabili.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Þetta var í fyrsta skipti sem Vaxtarsprotinn var afhentur en hann verður veittur árlega héðan í frá.

Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Vaxtarsprotinn er farandgripur úr áli og steini sem Samtök iðnaðarins gefa en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli árána 2005 og 2006 en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í „2. deild“ eru sprotafyrirtæki með veltu á bilinu 10-100 milljónir en þá viðurkenningu hlutu fyrirtækin Gagarín og Stiki en í „1. deild,“ eru sprotafyrirtæki með ársveltu á bilinu 100-1.000 milljónir. Þá viðurkenningu hlutu fyrirtækin Marorka og Stjörnu-Oddi.

Viðmið dómnafndar er hlutfallslegur vöxtur í veltu milli tveggja síðustu ára. Þá þarf fyrirtækið að fullnægja skilgreiningu um sprotafyrirtæki – þ.e. að verja meira en 10% af veltu í rannsókn- og þróunarkostnað að meðaltali, bæði árin. Heildarvelta fyrra ársins þarf að vera yfir 10 milljónum en undir einum milljarði króna. Þá þarf frumkvöðullinn eða frumkvöðlarnir að vera til staðar í fyrirtækinu og fyrirtækið má ekki vera að meirihluta í eigu „stórfyrirtækis,“ fyrirtækis á aðallista kauphallar eða vera sjálft á aðallista kauphallar.

Nýsköpunar- og menntaverkefni SI

Stjórn Samtaka iðnaðarins ákvað snemma árs 2007 að verja rúmlega 100 m.kr. á árinu til sérstakra nýsköpunar- og menntaverkefna.

Um 10 m. kr. er varið til að styrkja námsefnisgerð, aðallega í iðn- og starfsnámi. Með þessu móti er reynt að svara þörf fyrir kennslufni á íslensku í einstökum iðngreinum.

Veittur er 10 m. kr. styrkur til fyrirtækja til að efla vinnustaðakennslu. Samtökin hafa í mörg ár beitt sér fyrir því að kennsla í fyrirtæki væri metin til jafns við kennslu í skóla. Samtökin vonast til þess að stjórnvöld mæti þessu fjárframlagi með öðru eins. Aðeins þau fyrirtæki, sem fullnægja skilyrðum sem kennslufyrirtæki, geta búist við að fá styrk.

Varið er 15-20 m.kr. til samstarfssamninga við háskóla til að efla umræðu og miðla upplýsingum um mikilvæg hagsmunamál iðnaðarins.

Veittir eru veglegir styrkir til vísinda, rannsókn- og þróunarstarfs eða alls um 20 m.kr. Markmiðið er að rannsóknaverkefni leiði til aukinnar verðmætasköpunar í fyrirtækjum.

Um fjórum m.kr. er varið til sérstakra kynningarmála; m.a.



F.v.:Karl Friðriksson, Aðalsteinn Ragnar Ólafsson, Halla Bogadóttir, Hildur Elín Vignir og Erling Erlingsson

Menntadags iðnaðarins, Íslandsmóts iðnnema og keppni iðnmeistarara.

Veittar eru þrjár m.kr. til endurmenntunar. Keypt verða sérsniðin námskeið fyrir félagsmenn SI, m.a. hjá IÐUNNI fræðslusetri.

Stjórn SI samþykkti að verja allt að 50 m.kr. í hlutafélag sem tekur yfir rekstur sameinaðs Iðnskóla í Reykjavík og Fjöltækniskólans.

Staða og tækifæri í líftækni

Í mars voru kynntar niðurstöður verkefnis um líftækni á Íslandi. Í skýrslunni eru lagðar fram hugmyndir og tillögur um það hvernig megi styrkja og styðja nýsköpun og þróunarstarf á Íslandi. Nefnd eru fjölmörg dæmi um það hvernig aðrar þjóðir hafa eftir líftæknifyrirtæki til dáða og stutt við sprotafyrirtæki. Líftæknifyrirtæki á Íslandi eru flest sprotafyrirtæki og því má oft heimfæra niðurstöður verkefnisins á starfsumhverfi þeirra almennt. Verkefnið var unnið í samstarfi AVS-rannsóknarsjóðs, Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja, Intellecta og Strategro International.

Á kynningarfundum sagði annar höfundar skýrslunnar, Steven C. Dillingham, að líftækni felist miklir möguleikar fyrir Íslendinga. Hér á landi eru tækifæri til að byggja upp öflugan líftækniklasa með samvinnu háskóla, atvinnulífs og stjórnvalda. Hafa verður í huga að leiðin frá rannsóknum í líftækni til markaðssetningar vöru getur verið löng og tek-



ur oft 10 til 15 ár. Þau lönd, sem hafa náð forskoti á þessu sviði, hafa sett fram markmið og skipulagt stuðningsaðgerðir. Þar hafa verið byggðar upp ný-

ar rannsóknastofnanir og háskólar sem leita eftir tækifærum bæði á heimamarkaði og alþjóðamarkaði.

Í skýrslunni er fjallað um fjármögnun líftæknifyrirtækja og bent er á gloppur í fjármögnunarumhverfi tæknifyrirtækja því að bæði skortir stuðning við sérlega efnileg fyrirtæki sem og þau sem glíma við að komast af stað og vilja sanna sig. En fjármögnun ein og sér dugur ekki til að tryggja árangur. Fjármögnun þarf að haldast í hendur við stuðning og gott skipulag. Miklu máli skiptir, bæði fyrir ung og rótgróin fyrirtæki, að hafa góðan aðgang að þjálfun og stuðningi við frumkvöðlastarfsemi, stefnumótun, sölu- og markaðsmál. Skoðað er hvernig aðrar þjóðir hafa markvisst byggt upp líftækniklasa og nefnd fjölmörg dæmi um leiðir sem hafa gefið góða raun í öðrum löndum. Það þarf ekki að finna upp hjólið heldur læra af þeim sem hafa náð langt.

CE - merking byggingavara

Samkvæmt gr. 120 í byggingarreglugerð eiga byggingavörur á markaði að fullnægja reglugerð 431/1994 um viðskipti með byggingavörur.

Þegar byggingavara fellur undir eina af svonefndum grunnkröfum, sem skilgreindar eru í viðauka I í reglugerðinni og varðar öryggi, heilsu og umhverfi samborgaranna, útbýr Evrópska staðlaráðið (CEN) samhæfðan staðal. Nú þegar hafa verið útbúnir yfir 150 staðlar og þar á meðal fyrir ýmsar byggingavörur sem eru fluttar inn eða framleiddar á Íslandi.

Þar er gerð krafa um að framleiðendur sýni fram á fyrir hvað vara þeirra stendur þannig að unnt sé að meta notkunarsvið hennar á fullnægjandi

hátt. Fyrirtæki, sem fullnægja kröfum viðeigandi staðals, þurfa úttekt og vottun faggilds aðila á að svo sé og eiga í framhaldi af því að CE-merkja vöruna. Þetta ákvæði á við allnokkur fyrirtæki innan SI og nokkur þeirra standast þessar kröfur nú þegar. Önnur vinna að því hörðum höndum að skilgreina verkferla, útbúa viðeigandi tæknilýsingar og koma á tilskildum vöktunarfærum en aðrir gefa þessum málum lítinn gaum.

Neytendastofa og byggingafulltrúar, sem eru opinberir eftirlitsaðilar með byggingavörum og byggingaframkvæmdum, virðast ekki heldur gefa þessu mikinn gaum því að margar byggingavörur, bæði innlendar og

erlendar, sem nú þegar eiga að vera CE-merktar, eru enn óáreittar á markaðinum.

Ýtarlegar upplýsingar og leiðbeiningar um CE-merkingar er að finna á vefsetri SI www.si.is/ce.



Setjum kraft í umhverfisstarfið

Áhersla á umhverfisstjórnun hefur aukist nokkuð og undanfarin ár hefur fjölgað þeim fyrirtækjum sem kjósa að láta votta umhverfisstjórnunarkerfi sitt. Á þann hátt er unnið markvisst að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækja samhliða því að sparnaður næst oft í rekstri. Góð frammistaða í umhverfismálum bætir ímynd fyrirtækja og getur skipt sköpum varðandi samkeppnisstöðu þeirra.

Nokkur fyrirtæki í SI hafa þegið boð um að taka þátt í verkefni um umhverfisstjórnun. Þátttakendur fá í hendur einfalt umhverfisstjórnunarkerfi, *EMS-light Nordic*, sem er þróað með þarfir lítilla og meðalstórra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja í huga. Auk þess er boðin aðstoð ráðgjafa við að setja upp kerfið. Þátttakendur eru sammála um að þetta sé gott tækifæri fyrir fyrirtæki sem vilja setja kraft í umhverfisstarfið. Umsagnir þeirra eru á þá leið að verkefnið hjálpi þeim að halda utan um efnanotkun, aðföng, úrgang og orku. Þannig megi lágmarka notkun aðfanga, myndun úrgangs og mengun. Þau telja kerfið einfalt í notkun og góða byrjun á markvissu umhverfisstarfi.

Norræna ráðherranefndin um vörur og úrgang fjármagnar verkefni sem er unnið á Íslandi, Álandseyjum og Færeyjum



með þátttöku um 60-90 fyrirtækja og í samstarfi við samtök atvinnuvega og umhverfisyrirvöld á hverjum stað. Verkefnisstjórn hér á landi er í höndum umhverfisráðgjafa hjá Environice. Áætlað er að verkefninu ljúki í árslok 2008.

Gæði í prenti og rétta starfsfólkið

Hinn 9. nóvember stóðu Samtök iðnaðarins og prenttæknisvið IÐUNNARfræðsluseturs, að málstofum og fyrirlesturum þeirra George Thomas, framkvæmdastjóra Oxford University Press (OUP) og Terry O'Reilly, starfsmannastjóra prentsmiðjunnar. George hefur náð undraverðum árangri í rekstri prentsmiðju Oxford bókaútgáfunnar en undir hans stjórn hefur hagnaður hennar aukist um 58% og sala um 33% þótt starfsmönnum hafi aðeins fjölgað um 4% á sama tíma. Þá hefur hann náð miklum árangri í starfsmannamálum og minnkað starfsmannaveltu í 4%.

Terry O'Reilly reið á vaðið í Húsi atvinnulífsins um morguninn með málstofu sem hann kallaði Að ráða

rétta fólkið en Terry hefur verið starfsmannastjóri OUP síðastliðin 8 ár og hefur yfir 20 ára reynslu af starfsmannastjórnun í prentiðnaði í Bretlandi. Hann er félagi í Chartered Institute of Personnel and Development sem eru samtök framúrskarandi starfsmannastjóra á Bretlandseyjum. Ágæt þátttaka var í málstofunni en þar fjallaði Terry um starfsmannastefnu, aukin afköst og markmiðasetningu í rekstri iðnfyrirtækja á borð við prentsmiðju Oxford University Press. Hann sagði frá því hvernig OUP hefur laðað að ungt hæfileikafólk með nútímalegum og markvissum stjórnunarháttum. Lykilatriði í árangri OUP er gagnsæi fyrirtækisins og upplýsingagjöf til starfsmanna um afkomu og

árangur. Georg Thomas hélt síðan bæði hádegisfyrirlestur og málstofu. Fyrirlesturinn var haldinn í húsakynnum Háskólans í Reykjavík en hann sóttu um 40 manns. Fyrirlesturinn fjallaði um samsetningu réttu liðsheildarinnar.

Málstofa Georg Thomas fór síðan fram í Húsi atvinnulífsins og þar fjallaði hann um samkeppnisforskot sem skapast þegar iðnfyrirtæki keppa með aukinni þjónustu. Hann sagði m.a. frá því hvernig OUP hefði aukið afkastagetu sína með skýrari framtíðarsýn og markmiðum. Þá greindi hann frá því hvaða forskoti er hægt að ná á markaði þar sem viðskiptavinir ákveða verð og gæði.

Gæðastjórnun í iðnaði - vottun í áföngum

Samtök iðnaðarins hafa staðið að átaki við að hvetja og aðstoða aðildarfélög sín við að innleiða gæðastjórnun frá árinu 1997.

Það felst m.a. í að Samtökin eiga drög að eða dæmi um gæðahandbækur fyrir 12 mismunandi starfsgreinahópa sem stjórnendur nota til að byggja upp eigin gæðakerfi. Alls hafa 114 fyrirtæki nýtt sér þessa þjónustu með einum eða öðrum hætti.

Samhliða þessu bjóða Samtökin félagsmönnum sínum ýmsa ráðgjöf, fyrirlestra og lengri námskeið um rekstur og stjórnun, allt eftir áhuga og þörfum hvers og eins. Gott samstarf hefur verið við helstu opinberu verkkaupa landsins við að samræma og einfalda kröfur þeirra til verktaka um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir. Þótt kröfurnar séu skýrar hafa mat og eftirfylgni verkkaupa borið mismikinn árangur. Kröfurnar hafa í fæstum tilvikum verið notaðar til að meta gæði verktaka og vísa



slökum verktökum frá strax á útboðsstigi eins og hugmyndafræðin gerir ráð fyrir.

Nýjasta útspil Samtakanna er að bjóða fyrirtækjum úttekt og vottun á stöðu sinni hvað varðar rekstur og stjórnun. Snemma árs 2007 fékk fyrsta fyrirtækið vottun Samtaka iðnaðarins

um að það fullnægði kröfum D-vottunar sem er fyrsta skrefið af fjórum í þrepaskiptu vottunarferli sem SI hafa þróað til að hvetja og auðvelda félagsmönnum sínum að innleiða gæðastjórnun í áföngum. Fleiri fyrirtæki hafa fylgt í kjölfarið og má fullyrða að fyrstu skrefin í þessu verkefni hafi gengið vel. Markmið verkefnisins er að aðstoða fyrirtækin enn frekar við að bæta stjórnun og rekstur og þar með afkomu sína.

Til að auðvelda fyrirtækjunum að meta eigin stöðu hefur verið útbúið lítið rit sem kallast „Hvar stöndum við?“ Þar eru kröfur í sérhverjum áfanga settar fram með einföldum hætti þannig að stjórnendur geta metið eigin stöðu í sérhverju þrepi.

Fyrir þá, sem þurfa eða vilja gera umbætur til að standast kröfur, hefur verið útbúið kennslubók „Hvernig má gera betur?“ þar sem finna má góð ráð varðandi flest það sem krafist er í vottunarferlinu.

Í byrjun árs 2008 verður gert markvisst átak til að kynna vottunarferlið og stjórnendur verða hvattir til að gefa sér tíma til að skoða og meta stöðu eigin fyrirtækis varðandi stjórnun og rekstur út frá fyrrnefndum kröfum.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri SI, www.gsi.is.

Stjórnarkjör SI

Að venju fór fram stjórnarkjör í tengslum við Iðnhþing. Þetta er póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðnhþing. Kosningarátttaka var góð eða um 77% en atkvæði félagsmanna eru í samræmi við greidd félagsgjöld.

Helgi Magnússon, var endurkjörinn formaður.

Samkvæmt lögum Samtaka iðnaðarins er gert ráð fyrir að formaður eða stjórnarmaður sitji ekki lengur í stjórn en sex ár samfleytt. Vegna þessarar reglu hvarf Hörður Arnarsson, Marel hf. úr stjórn.

Helmingur stjórnar er kosinn á hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., Loftur Árnason, Ístaki hf. og Sigurður Bragi Guð-

mundsson, Plastprenti hf. og Tómas Már Sigurðsson Alcoa Fjarðaráli sf. sem er nýr í stjórninni. Fyrir í stjórninni voru þau Anna María Jónsdóttir, Laugum Spa snyrtistofu, og Ingvar Kristinsson, Landsteinum Streng hf., og Þorsteinn Víglundsson, B.M. Vallá ehf.

Stjórn Samtaka iðnaðarins skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum og er Þorsteinn Víglundsson varaformaður en Aðalheiður Héðinsdóttir ritari.

Þeir sex, sem næstir því voru að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru þeir Bolli Árnason, Hilmar V. Pétursson, Sveinbjörn Hjálmarsson og Vígfús Kr. Hjartarson.

Ný tegund orkufreks iðnaðar á Íslandi

Unnið er af fullum krafti að undirbúningi þess að reisa aflþynnuverksmiðju á Akureyri og er stefnt að því að framleiðsla í verksmiðju fyrirtækisins hefjist þegar á þessu ári. Að verkefninu standa Becromal á Íslandi ehf. sem er í eigu ítalska fyrirtækisins Becromal og fjárfestingarfélagið Strokkur Energy ehf.



Fimmföld raforkunotkun Eyjafjarðarsvæðisins

Raforkusamningurinn, sem gerður hefur verið við Landsvirkjun og Landsnet, tryggir Becromal á Íslandi kaup á 75 MW af afli en auk þess á fyrirtækið kost á að auka kaupin í 100 MW síðar. Orkuþörf verksmiðjunnar er um 640 GWh á ári en það er um fimm sinnum meira rafmagn en allt Eyjafjarðarsvæðið notar árlega.

Þessi framkvæmd verður ekki aðeins góð viðbót við vaxandi atvinnulíf á Akureyri heldur mun hún einnig flýta því að ráðist verði í nauðsynlega styrkingu flutningskerfis Landsnets á Norðurlandi. Þar með skapast grund-

völlur þess að í framtíðinni verði unnt að þjóna öðrum stórum orkunotendum á svæðinu.

90 ný störf

Aflþynnuframleiðsla er mjög sérhæfð hátækni í orkufrekum iðnaði og mun skapa um 90 ný störf hér á landi án þess þó að við það losni gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið. Gert er ráð fyrir að útflutningsverðmæti verksmiðjunnar verði 7-9 milljarðar á ári.

Framleiðsla á aflþynnum

Við framleiðsluna er hráefnið, sem er afar hreint hágæðaál, valsað og síðan rafhúðað í sérhönnuðum vélasamstæðum. Afurðin er aflþynnur sem eru notaðar í rafþétta. Mikil og vaxandi eftirspurn er eftir rafþétta enda eru þeir notaðir í allan rafeindabúnað. Margvísleg ný tækni á rafeindasviðinu þarfnast háspennitari þetta með mikinn áreiðanleika og Becromal er leiðandi framleiðandi aflþynna í slíka þétta.

Rafhúðun aflþynna til notkunar í háspennuþétta er mjög orkufrekt ferli og reiknað er með um 300 kWh orkunotkun á hvert kíló af þynnum. Til samþanburðar þarf 13 kWh til að framleiða eitt kg af hrááli við hefðbundna álframleiðslu. Orkuverðið skiptir því miklu máli við þessa framleiðslu en við framleiðslu á þynnum fyrir 600 volta þetta er orkan um 42% framleiðslukostnaðar.

Þessi nýja aflþynnuverksmiðja er ánægjuleg nýjung við nýtingu vistvænnar orku á Íslandi. Ákveðið hefur verið að verksmiðjan verði reist í Krossanesi í norðurjaðri bæjarins en á því svæði var áður rekin fiskimjölsverksmiðja.



Bókvitið í askana

Innovit er sjálfstætt starfandi nýsköpunar- og frumkvöðlasetur sem styður við háskólamentaða frumkvöðla og sprota-fyrirtæki sem verða til innan íslenskra háskóla. Innovit er ætlað að vera vettvangur frumkvæðis, hugvits og þekkingar í íslensku háskólasamfélagi og miðstöð framkvæmdagleði og hugmyndaauðgi nemenda.

Stofnendur og eigendur eru hugmyndasmiðirnir að Innovit þau Andri Heiðar Kristinsson, Magnús Már Einarsson og Stefania Sigurðardóttir. Auk þeirra eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og SI hluthafar.

Innovit hefur gert samstarfs- og þjónustusamninga við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og viðskiptafræðideild Háskólans á Bifröst sem tryggir nemendum skólanna aðgang að þjónustu Innovits endurgjaldslaust, allt frá því að nám hefst og þar til fimm árum eftir útskrift.

Samtök iðnaðarins ákváðu að ganga til liðs við Innovit vegna eldmóðs frumkvöðlanna og mikilvægis þess að ungt háskólamentað fólk hagnýti nám sitt til nýsköpunar og fyrirtækjareksturs. Innovit mun m.a. leggja áherslu á handleiðslu við gerð viðskiptaáætlana en góð hugmynd er einskis virði og leiðir ekki til nýsköpunar ef ekki er hægt að koma henni á markað. Ferðir án fyrirheits enda yfirleitt illa og þess vegna er það gulls ígildi þegar saman fer góð hugmynd og vönduð viðskiptaáætlun.

Mikilvægt skref tekið í „VSK málinu“

Svokallað VSK mál hefur aðallega snúist um baráttu upplýsingatæknifyrirtækja fyrir jafnri samkeppnisstöðu gagnvart upplýsingadeildum opinberra stofnana, fjármálafyrirtækja og annarra sem eru undanþegnar greiðslu virðisaukaskatts af starfsemi sinni. Eins og virðisaukattslög og reglur kveða á um eiga ofangreindir aðilar að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar varan er framleidd eða þjónustan innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila. Þá er kveðið á um að endurgreiða skuli ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á tiltekinni þjónustu eða vöru.

Erfitt í framkvæmd

Afar erfitt er að skilgreina fyrirfram hvaða vöru- eða þjónustu-kaup opinberra aðila veita rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Einkaaðilar koma sífellt fram með nýja vöru og þjónustu en mörg ár tekur jafnan að breyta reglum til að unnt sé að bjóða opinberum aðilum þá þjónustu með eðlilegum hætti. Þá samrýmist það ekki jafnræði á markaði að endurgreiðslur séu bundnar við opinbera aðila þar sem dæmum um að einkaaðilar sinni opinberri þjónustu sem verktakar eða í einkaframkvæmd hefur sem betur fer fjölgað. Afleiðingin er sú að fyrirtækjum á almennum markaði er mismunað auk þess sem opinberir aðilar fara á mis við hagkvæmustu kaup.

Tillaga að lausn

Eins og áður er lýst standa gildandi reglur um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra í vegi fyrir því að opinberir aðilar geti nýtt til fulls tækifæri til hagkvæmra innkaupa á almennum,

markaði. Vörukaup og þjónusta, sem einkaaðilar bjóða og opinberir aðilar kaupa til starfsemi sinnar, fullnægja ekki skilyrðum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hann verður því að kostnaðarauka hjá viðkomandi ríkisstofnunum og fyrirtækjum. Gagnvart einkaaðilum jafngildir þetta því að opinber fyrirtæki og stofnanir, sem byggja upp eigin þjónustu á þessum sviðum, búi við 24,5% tollvernd.

Samtök iðnaðarins hafa lagt til við fjármálaráðuneytið að allur greiddur virðisaukaskattur verði endurgreiddur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum en fjárfraðslög til þeirra lækkuð að sama skapi. Eftir stendur þá hjá þeim það hagræði að gera eigin innkaup með sem hagkvæmustum hætti.

Lausn sem snýr að UT iðnaði í höfn

Á ráðstefnu um útivistun, sem haldin var snemma árs, sagði Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, að innan ráðuneytisins væri nú unnið að lausn svokallaðs VSK-máls sem verið hefur eitt helsta baráttumál tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja um árabíl. Lausnin felst í því að ríkisstofnunum verði endurgreiddur virðisaukaskattur af allri þjónustu sem þær kaupa af tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum en nú er virðisaukaskattur einungis endurgreiddur af vinnu sérfræðinga. Árni sagði að gert væri ráð fyrir að tekið yrði tillit til þess í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2008.

Lausnin

Nú hafa tillögurnar litið dagsins ljós og eru með þeim hætti að í fjárlögum fyrir 2008 er fjárheimild sem nemur 71,2 m.kr. sem á að nýtast til að endurgreiða opinberum stofnunum virðisaukaskatt vegna þjónustu sem keypt er af einkafyrirtækjum við vinnslu, skráningar og daglegan rekstur tölvu-kerfa hjá opinberum stofnunum. Tilgangurinn með því er að vinna að framgangi útivistunarstefnu ríkisins og gera einkafyrirtæki jafnsett rekstri á vegum hins opinbera þegar ríkisstofnanir ákveða hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er aðkeypt. Ekki er gert ráð fyrir að þessar viðbótarendurgreiðslur nái til annarra óskattskyldra aðila, svo sem sveitarfélaga eða bankastofnana og því er lögum um virðisaukaskatt eða reglugerð ekki breytt.

Segja má að með þessu sé nú loks fengin lausn á VSK málinu sem snýr að UT iðnaði og því ber að fagna eftir baráttu hagsmunasamtaka þeirra á annan áratug. Hins vegar ætti að sjálfsögðu það sama að gilda um alla þjónustu og vöru sem einkaaðilar bjóða opinberum aðilum svo og um aðra óskattskylda aðila, svo sem sveitarfélög og bankastofnanir.



Dvalarleyfi erlendra sérfræðinga

Skortur á tæknimenntuðum sérfræðingum í atvinnulífinu er vaxandi vandamál. Færri fara nú í tækninám eða tölvunarfræði en áður og mörg fyrirtækja innan raða SI eiga í erfiðri samkeppni við fjármálafyrirtækin sem undanfarin ár hafa setið um fólk með tæknimenntun. Þessi skortur á tæknimenntuðum sérfræðingum er ekki bara bundinn við Ísland heldur einnig mörg önnur Evrópulönd. Því hafa þær þjóðir brugðið á það ráð að reyna að sækja þetta fólk út fyrir Evrópu, t.d. til Indlands, Kanada eða Bandaríkjanna.

Punglamaleg stjórnsýsla við afgreiðslu dvalarleyfa

Það er mikil þrautaganga fyrir íslensk fyrirtæki að fá dvalarleyfi fyrir sérfræðinga frá löndum utan Evrópu og biðtími fyrir útgáfu dvalarleyfis hjá Útlendingastofnun er allt að 6 mánuðir. Seinagangur við afgreiðslu umsókna er skýrður með því að þeim hafi fjölgað mjög á undanförunum árum án þess að viðkomandi stofnun hafi fengið auknar fjárveitingar til að ráða fleiri starfsmenn. Hér er það sögð slæm stjórnsýsla ef öllum umsækjendum er ekki gert jafn hátt

undir höfði og lausnin er sú að láta alla biðna afgreiðslu eins lengi og reglur leyfa. Nógu erfitt reynist að keppa við aðrar Evrópuþjóðir um erlenda sérfræðinga þótt þessari bið eftir útgáfu dvalarleyfis fyrir þá sé ekki til að dreifa.

Flýtimeðferð á umsóknum í mörgum Evrópulöndum

Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir breytingum í þessum málum og bent á að ýmsar Evrópuþjóðir, þ.m.t. nágrannþjóðir okkar, hafi brugðist við skorti á sérfræðimenntuðu fólki með því að auðvelda sérfræðingum frá löndum utan EES-svæðisins að koma til starfa. Norðmenn og Danir fóru til að mynda þá leið að stjórnvöld og samtök atvinnurekenda tóku saman lista yfir sérfræðimenntað fólk sem þá skorti. Umsóknir um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir þá starfsmenn fengu síðan flýtimeðferð. Nýlega gengu Danir enn lengra og auk listanna hafa þeir tekið upp þá reglu að miða við tiltekna lágmarksfjárhæð launa, þ.e. ef vinnuveitandi er reiðubúinn til að borga erlendum starfsmanni u.þ.b. 6 milljónir íslenskra króna í árslaun fær umsóknin

flýtimeðferð. Rökin eru þau að sé fyrir-tæki reiðubúið að borga erlendum starfsmanni svo há laun hljóti hann að teljast sérfræðingur.

Frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga lítur dagsins ljós

Samkvæmt frumvarpinu er Útlendingastofnun annars vegar heimilt að veita umsóknum um dvalarleyfi erlendra sérfræðinga forgangsafrgreiðslu að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Ekki er þó gert ráð fyrir að ráðherra hafi sjálf-dæmi um hvaða umsóknir skuli fá hraðasta afgreiðslu heldur verði þessari heimild beitt með almennum, skriflegum fyrirmælum dómsmálaráðherra til Útlendingastofnunar. Hins vegar er heimilt að taka upp svonefnda hraðafgreiðslu. Þar er átt við að unnt verði að beita hraðvirkari vinnubrögðum þegar fyrirtæki, sem er þekkt fyrir vönduð vinnubrögð og hefur getu til að standa undir kröfum um mjög vandaða vinnslu umsókna, leggur fram slíka umsókn. Ákvæðið á sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum tollalaga um rafræna tollaafgreiðslu.

Málmur og FBE 70 ára



Á afmælishátíð Málms mættu 6 fyrrverandi formenn, auk núverandi formanns

Á árinu fögnuðu tvö félög innan Samtaka iðnaðarins 70 ára afmæli sínu. Þau eru Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði og Félag blikksmiðjueigenda.

Einskær tilviljun réð því að bæði

þessi félög úr málmíðnaðinum voru stofnuð á því herrans ári 1937. Síðan hafa leiðir þeirra legið saman á marga vegu m.a. innan Landssambands iðnaðarmanna, Sambands málm- og skipasmiðja og nú innan Samtaka iðnaðarins.

FBE fagnaði afmæli sínu í vor í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd í Eyjafirði og var það bæði glæsilegur og ánægjulegur viðburður, sem rennur þeim, sem þar voru, seint úr minni. Nú er unnið að gerð afmælisrits sem kemur út í mars 2008.

Málmur efndi til móttöku á afmælisdaginn, 28. nóvember, og kom fjöldi

manns til að fagna á þessum tíma-mótum félagsins. Nokkru áður hafði félagið gefið út mjög vandað afmælisrit sem hefur að geyma sögu þess, þróun málmíðnaðarins hér á landi og fjölmörg viðtöl við forstöðumenn fyrirtækja innan Málms.



Fyrrverandi og núverandi stjórnarmenn í FBE

IÐAN á skriði

Um tvö ár eru liðin síðan IÐAN fræðslusetur tók til starfa. Þá sameinuðust fjórar fræðslustofnanir í eina og sú fimmta bættist við skömmu síðar. Til varð öflugt fræðslusetur með sérhæfðri starfsemi fyrir byggingariðnað, málmiðnað, prentiðnað, bíliðngreinar og hótél- og matvælagreinar. Jafnframt sköpuðust skilyrði til að bjóða öflugt símenntastarf á breiðara sviði, t.d. varðandi stjórnun og rekstur.

Námskeiðsframboð IÐUNNAR fræðsluseturs er fjölbreytt. Á haustmisseri voru í boði um 90 fagleg námskeið og um 20 námskeið í stjórnun og rekstri. Myndarlegur námsvísir í um 13 þúsund eintökum er gefinn út haust og vor. Hjá IÐUNNI starfa nú 18 manns. Námskeið IÐUNNAR eru í boði um allt land. Meira að segja var eitt námskeið IÐUNNAR haldið á Grænlandi 2007!

Endurmenntun og þjónusta við stjórnvöld

Kjarnastarfsemi IÐUNNAR er að bjóða úrval námskeiða fyrir starfsmenn og stjórnendur iðnfyrirtækja. Auk þessa

Sveinspróf í nokkrum greinum 2007

Bakaraíðn	3
Bifreiðasmíði	8
Bifvélavirkjun	32
Bílamálun	9
Blíkksmíði	2
Bókband	1
Húsasmíði	118
Húsgagnabólstrun	0
Húsgagnasmíði	5
Kjötiðn	4
Matreiðsla	25
Málaraíðn	14
Málmsuða	0
Múraraíðn	11
Prentsmíði / grafísk hönnun	7
Prentun	2
Rennismíði	8
Stálsmíði	2
Vélvirkjun	35

Heimild: Hagstofa Íslands

hefur verið rekin öflug starfsemi á öðrum sviðum. Samstarfs- og tengslanet IÐUNNAR er mikilvægt fyrir samstarf menntamálaráðuneytis og atvinnulífsins. Í gildi hafa verið ýmsir samningar við menntamálaráðuneytið, m.a. varðandi starfsgreinaráð, námssamninga og sveinspróf. Með stofnun IÐUNNAR-fræðsluseturs gafst gott tækifæri til þess að straumlínulaga þessa starfsemi og efla hana.

Kynning á iðn- og starfsgreinum

Á sínum tíma tók IÐAN fræðslusetur yfir rekstur upplýsingavefjar Samtaka iðnaðarins um nám og störf. IÐAN vinnur að því að uppfæra námsbrautarlýsingar iðn- og starfsmenntunar. Starfshópur IÐUNNAR vinnur að nýbreytni í kynningu á starfsmenntun. Birtar verða upplýsingar út frá þeim störfum sem unnin eru og síðan menntuninni lýst eftir því. Niðurstöður þessa verkefnis birtast jafnt og þétt.

Raunfærnimat IÐUNNAR

Margir hafa áralanga reynslu í tiltekinni iðngrein en hafa ekki lokið námi í henni. Þeir búa yfir raunfærni sem vert er því að meta. **Bættu um betur** er tilraunaverkefni þar sem gengið er út frá að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað.

Tilgangur raunfærnimats er að draga fram og meta fjölbreytilega raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir. Fimm verkefni í raunfærnimati voru í vinnslu og eru þau á sviði bílgreina, framreiðslu, kjötiðnar, hársnyrtigreina og húsasmíða. Fyrstu tveir, sem fóru gegnum þetta verkefni, brautskráðust með sveinspróf í desember og hefur annar þeirra hafið meistaranám í iðn sinni.

IÐAN þjónar nemum og fyrirtækjum þeirra í umboði menntamálaráðuneytisins, m.a. varðandi sveinspróf og námsamninga. Árið 2007 þreyttu 524 nemandar sveinspróf í þeim iðn- og starfsgreinum sem IÐAN þjónar. Hjá IÐUNNI hefur byggst upp mikil þekking á sveinsprófum og gerð námssamninga sem m.a. er mikilvæg varðandi tölfræðilega úrvinnslu.

Húsnæðismál

IÐAN og forverar hennar hafa í mörg ár verið til húsa á Hallveigarstíg 1. Húsnæðið hentar illa hratt vaxandi starfsemi og IÐAN mun flytjast í annað húsnæði með haustinu.

Nýir félagsmenn 2007

Í upphafi árs voru félagsmenn 1108 en 1134 í árslok. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 21 fyrirtæki beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Aðalsmíði ehf.

Stafnafell ehf.

Velverk ehf.

Matvælakassar ehf.

Smiðir ehf.

Íslenska lífmassafélagið hf.

Prokatin ehf.

Stúdio GR ehf.

Plastgerð Suðurnesja ehf.

Tandrabergh ehf.

Spýtan ehf.

Ó.K. Gámaþjónusta- Sorphirða ehf.

Genis ehf.

Skilaboð ehf.

Álfasteinn ehf.

Hringrás hf.

Calidris ehf.

Flugstoðir ohf.

LS Retail ehf.

Einingaverksmiðjan Borg ehf.

Oxymap ehf.

Þá hafa margir félagar slegist í hópinn hjá fjölmörgum aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins. Rétt er að benda á að félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is.

Er vinnustaðanámssjóður að verða að veruleika?

Samtök iðnaðarins telja að *vinnustaðakennslu eigi að meta til jafns við kennslu í skóla*. Samtökin hafa stofnað sérstakan sjóð til að styrkja fyrirtæki sem taka markvisst á kennslu iðnnema. Hann hefur nú þegar tekið til starfa og iðnfyrirtæki, sem eru með nema á sínum vegum, hafa sótt þangað fjárhagslegan styrk.

Þegar Samtök iðnaðarins mótuðu stefnu sína um vinnustaðakennslu var sett fram sú krafa að stjórnvöld fjármöggnuðu þá kennslu til jafns við kennslu í skólum enda er hún skilgreind í framhaldsskólalögunum sem hluti iðnnámsins. Markmiðið með fjárfrahlagi Samtakanna er að koma málum af stað svo að viðurkennt sé að þau iðnfyrirtæki, sem taka iðnnema í starfsþjálfun bera kostnað og fyrirhöfn sem hin, sem

ekki taka nema, komast hjá. Eftir sem áður hlýtur kostnaður af vinnustaðanámi að falla á ríkisvaldið lögum samkvæmt. Að öðrum kosti er ekki nokkur leið að krefjast þess að fyrirtækin axli ein þessa byrði enda hafa kröfur um vinnustaðabþjálfun aukist mjög undanfarin ár.

Í frumvarpi til nýrra framhaldsskólalaga, sem menntamálaráðherra lagði fram á Alþingi á síðasta ári, er gert ráð fyrir að iðn- og verkmentaskólar sjái um og beri ábyrgð á að iðnnemar á þeirra vegum fái starfsþjálfun á vinnustöðum eða öðrum þeim stöðum sem eru hæfir til að veita nemendum tilskilda þjálfun og menntun.

Í greinargerð með frumvarpinu er vakin athygli á að nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla beindi því til

ráðherra að stofnaður yrði *vinnustaðanámssjóður* með sérstökum lögum „til að tryggja vinnustaðanámi framgang ...“ Þetta er greinilega sett fram í anda stefnu Samtaka iðnaðarins. Ekki verður unnt að fullnægja þeim kröfum, sem með réttu á að gera til vinnustaðanáms, nema með því að fjármagna það með sama hætti og annað viðurkennt nám. Enginn getur skyldað fyrirtæki til að taka iðnnema og verða með því við ströngum kröfum um starfsþjálfun nema greiðsla komi fyrir. Sé það ekki gert gæti orðið örðugt að fá fyrirtæki til að taka að sér nema sem þó er lífsnauðsyn hverri iðngrein. Það verður því sérstakt fagnaðarefni ef menntamálaráðuneytið fylgir eftir hugmyndinni um vinnustaðanámssjóð og kynnir frumvarp til laga um hann sem allra fyrst.

Merkum kafla að ljúka

Samtök í iðnaði réðust í það stórvirki á árunum 1968 til 1973 að reisa sér hús undir skrifstofur sínar að Hallveigarstíg 1. Bygging hússins var á sínum tíma samstarfsverkefni fjölmargra félaga í iðnaði, bæði atvinnurekenda og launþega að ógleymsdu því fornfræga félagi Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík. Áratugir eru síðan launþegafélögin hurfu úr húsinu og seldu sinn hlut og smám saman hefur fækkað í hópi eigenda að Húsfélagi iðnaðarins. Mesta breytingin varð svo með tilurð Samtaka iðnaðarins 1994 þegar Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna sameinuðust en bæði höfðu þau verið eigendur að húsinu.

Eftir að Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð Íslands fluttu af Hallveigarstígnum í Borgartún 35 tók stjórn Húsfélags iðnaðarins þá stefnu að skipta húsinu upp í fjóra eignarhluta og bjóða til sölu. Nú hefur síðasti eignarhluti hússins verið seldur og IÐAN fræðslusetur ehf. flyst í nýtt húsnæði árið 2008. Þar með er öll starfsemi tengd iðnaði flutt úr húsinu og eignarhaldi lokið. Merkur kafli í sögu Samtaka iðnaðarins er að baki.




SI stuðla að hagræðingu og bættri hráefnanýtingu í matvælaíðnaði

Matvælaframleiðendur í Samtökum iðnaðarins komu saman í lok árs 2006 og mótuðu sér stefnu og framtíðarsýn til ársins 2012. Þar var lögð mikil áhersla á gæði, öryggi og góða framleiðsluhætti, hagræðingu og lækkun kostnaðar í virðiskeðjunni, í nánú samstarfi við smásöluverslunina og almenna þekkingu á matvælum.

Með þetta að leiðarljósi hafa Samtökun leitast við að koma á samstarfi við verslunareigendur um að ráðast í sameiginlegt átak til að draga úr sóun í virðiskeðjunni og auka hagræðingu í samræmi við þarfir neytenda. Hugmyndir að slíku verkefni hlutu strax góðan hljómgrunn meðal félagsmanna SI og margir lýstu sig reiðubúna til að taka þátt í því. Fljótlega varð ljóst að um nokkuð umfangsmikið verkefni yrði að ræða og var ákveðið að leita eftir fjárstuðningi úr Tækniþróunarsjóði. Snemma árs 2007 fékkst forverkefnastyrkur úr sjóðnum sem var notaður til að skilgreina verkefnið, ræða við þátttakendur og skrifa umsókn til sjóðsins um stuðning við verkefnið.

Þrátt fyrir mikinn áhuga í ýmsum greinum matvælaíðnaðar varð niðurstaðan sú að takmarka verkefnið við ófrosnar kjötvörur til að verkefnið yrði ekki óhóflega flókið og umfangsmikið. Kjötvörur eru bæði dýrt hráefni og ákaflega vandmeðfarið og vörurnar hafa takmarkað geymsluþol. Því er kostnaður vegna rýrnunar í þessum vöruflokki afar mikill miðað við aðra vöruflokka. Þar er því eftir miklu að slægjast eftir tekst að minnka rýrnunina. Mat þeirra, sem koma að verkefninu, var að þegar niðurstöður liggja fyrir verði auðvelt að yfirfæra þær á aðra vöruflokka þannig að þegar upp er staðið geti niðurstöð-



urnar nýst öllum matvælaframleiðendum.

Umsóknin hlaut jákvæða afgreiðslu hjá stjórn Tækniþróunarsjóðs sem samþykkti að greiða helming kostnaðar við verkefnið. Á móti leggja SI fram bæði fé og vinnu og þáttökufyrirtækin sína vinnu. Að loknum viðræðum við ýmsa, bæði í framleiðslu og smásölu, er niðurstaðan sú að af hálfu framleiðenda taka Sláturfélag Suðurlands og Norðenska matborðið þátt í verkefninu en Kaupás af hálfu smásöluverslunar. Matvælarannsóknir Íslands, Rannsóknasetur verslunarinnar og AGR aðgerðagreining annast rannsókn- og þróunarvinnu. Skrifað var undir verkefnasamning í desember og verður verkefnið unnið árið 2008 og fram á mitt ár 2009. Samtök iðnaðarins og aðrir þátttakendur binda miklar vonir við að verkefnið skili umtalsverðum árangri í þeirri viðleitni að draga úr sóun í virðiskeðjunni.

Minni sóun - meiri arðsemi

Verkefnið felst í að gera úttekt á virðiskeðjunni, allt frá móttöku hráefna í

framleiðslufyrirtæki og þar til varan hefur farið gegnum flutning og verslun í hendur neytenda. Greint verður hvar sóun á sér stað og grafið fyrir um orsakir og leitast við að fyrirbyggja þær. Jafnframt verður safnað upplýsingum frá nágrannalöndum um hvernig þar er tekið er á málum. Hannað verður upplýsingakerfi til að halda utan um mikilvægar upplýsingar í keðjunni sem matvælaframleiðendur, heildsalar og smásalar geta nýtt til að dreifa og deila upplýsingum um birgðastöðu, útstandandi pantanir, dagsstimpla og söluspár. Með þessu er lagður grunnur að bættri ákvarðanatöku við framleiðslu og innkaup og þar með meiri gæðum og aukinni arðsemi.

Í verkefninu verður tekið mið af svokallaðri straumínustjórnun, þ.e.a.s. leitast verður við að útrýma öllum ónauðsynlegum kostnaði í öllum þrepum virðiskeðjunnar án þess þó að hvika í neinu frá gæðum og öryggi.


Samstarf um framboð á hollum matvörum

Í lok mars stóðu Samtök iðnaðarins fyrir fundi, í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð, undir yfirskriftinni „Samstarf um framboð á hollum matvörum.“ Þar var m.a. fjallað um framboð á hollum matvörum, markaðssetningu, vöruþróun og skammtastærðir.

Sif Friðleifsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, setti fundinn og Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, flutti erindi. Ragnheiður Héðinsdóttir gerði grein fyrir stefnu matvælaíðnaðarins innan SI um aðgerðir gegn offitu, upplýsingabækinginn, „Keppt að sama marki,“ sem Samtökin gáfu út í lok ársins 2006 og áherslu sem fyrirtækin leggja á þróun afurða í samræmi við ráðleggingar um næringu. Þá fjallaði Iðunn Geirsdóttir, gæðastjóri Myllunnar, um heilsustefnu fyrirtækisins.

Að framsöguerindum loknum voru pallborðsumræður.

Fundinn sóttu um 140 manns og það virtist koma mörgum fundarmönnum á óvart hversu gróskumikið starf er unnið í íslenskum matvæla-fyrirtækjum við að þróa léttar og hollar vörur.



Íslensk hönnunarverslun í einu elsta húsi Reykjavíkur



Hinn 31. maí var opnuð ný hönnunarverslun að Aðalstræti 10 í Reykjavík. Verslunin ber heitið Kraum og markmiðið með stofnun hennar er að koma á framfæri og selja íslenska hönnun. Hún er því hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Aðdragandi að stofnun verslunarinnar var sá að snemma árs 2005 auglýsti Flugstöð Leifs Eiríkssonar forval um verslunarrekstur í flugstöðinni í tengslum við stækkun hennar. Samtök iðnaðarins, í samvinnu við hönnuði, könnuðu möguleika á að koma íslenskri hönnun að í flugstöðinni og var í þeim tilgangi samin viðskiptaáætlun fyrir slíka verslun. Ekki gekk eftir að fá verslunarrými í flugstöðinni. Samtök iðnaðarins töldu að fyrirnefnd viðskiptaáætlun hefði ekki hlotið eðlilega meðferð hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og var óskað eftir mati utanríkisráðuneytisins á því hvort réttilega hafi verið að málum staðið við framkvæmd forvalsins. Svar hefur enn ekki borist frá ráðuneytinu.

Haustið 2006 kviknaði sú hugmynd að stofna íslenska hönnunarverslun í einu elsta húsi Reykjavíkur að Aðalstræti 10. Með elju og stuðningi



Samtaka iðnaðarins og hóps hönnuða tókst að fá fyrirtækið Arev til samstarfs. Saman stofnuðu fyrirnefndir aðilar einkahlutafélagið Kraum sem setti sér það markmið að hafa á boðstólum fatnað, skartgrip og margs kyns nytjavörur.

Íslenskir hönnuðir brugðust við skjótt þegar leitað var eftir að fá vörur þeirra í verslunina. Fjölmargir sendu inn vörur en um 70 þeirra fengu inni samkvæmt ákvörðun valnefndar en hlutverk hennar er að tryggja gæði og samræmi þeirrar vöru sem er á boðstólum hverju sinni.

Verslunin er til húsa í nýbyggingu við Fógetann, elsta hús Reykjavíkur, sem kennt er við Skúla fógeta. Húsið hefur nú fengið nafnið Fógetastofur.



Ný lög um opinber innkaup

Ný lög um opinber innkaup voru samþykkt á Alþingi árið 2007. Í rúman áratug hafa Samtök iðnaðarins látið sig mjög varða málaflökk opinberra innkaupa og leggja ríka áherslu á að leikreglur hans verði sem bestar. Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á reglum EES-samningsins viðvíkjandi opinberum innkaupum sem leiða af tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 204/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga svo og tilskipun ráðsins nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Almenn séð eru Samtökin sáttt við nýju lögin og telja þau á margan hátt til bóta.

Nýsköpun og þróun hluti af opinberum innkaupum

Samtökin fagna því að tekið hefur verið upp í 1. gr. laganna að tilgangur þeirra sé m.a. að efla nýsköpun og þróun við kaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Í krafti stærðar á innkaupamörkuðum geta opinberir aðilar haft mikil áhrif á vöruþróun og nýsköpun. Markmiðasetning um að efla nýsköpun og þróun er mikil áskorun fyrir jafnt kaupendur og ekki síður seljendur sem þurfa að vera undir það búnir að taka þátt í að bjóða nýjar og betri lausnir.

Aðgerðir gegn kennitölulakki

Ennfremur er jákvætt að í þeim kafla laganna, sem snýr að fjárhagsstöðu bjóðanda, er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda fyrirtækis. Hér er á ferðinni ótvírætt heimildarákvæði fyrir innkaupaaðila til að sporna gegn kennitölulakki en SI hafa um árabil vakið athygli á og barist gegn þessari meinsemd íslensks atvinnulífs. Í kjaraviðræðum 2006 gerðu aðilar vinnumarkaðarins þennan málf lutning að sínum og leggja nú áherslu á að hið opinbera sniðgangi þá sem uppvísir verða að kennitölulakki.

Sveitarfélög og skyldur þeirra

Illu heilli er sveitarfélögum enn í sjálfsvald sett hvort þau gangast undir þær auknu skyldur við opinber innkaup sem gilda um innkaup ríkis og ríkisstofnana. Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram haustið 2006 var gert ráð fyrir, líkt og í eldri lögum, að sveitarfélög og innkaup þeirra féllu ekki undir lögin nema þegar innkaupin væru það umfangsmikil að þau næðu viðmiðunarmörkum Evrópska efnahagssvæðisins. Samtökin gagnrýndu þetta harðlega í umsögn sinni um frumvarpið. Við meðferð þess á vörþingi voru gerðar þær breytingar að sveitarfélög geta átt undir lögin, þó að um sé að ræða innkaup sem eru

undir viðmiðunarmörkum Evrópska efnahagssvæðisins, kjósi þau það sjálf. Kjósi sveitarfélögin hins vegar að kaupa ekki inn skv. reglum þessa þáttar er þeim gert að setja sér reglur um innkaup sín.


Þó að þarna sér ekki gengið eins langt og Samtök iðnaðarins hefðu kosið í málefnum sveitarfélaga verður þetta engu að síður að teljast hænuskref í rétta átt og ætti að leiða til þess að þau sveitarfélög, sem kjósa að falla ekki undir þennan tiltekna þátt laganna, setji sér skýrar reglur um innkaup sín. Engu að síður er hætta á því að áfram gæti misræmis milli sveitarfélaga og það valdi erfiðleikum fyrir verktaka sem ekki er kunnugt hvaða reglur gilda innan hvers sveitarfélags. Má líkja þessu við að ólíkar umferðarreglur gildi milli sveitarfélaga.

Breytingar á heimild til frávikstilboða

Samkvæmt ákvæðum laganna er aðeins heimilt að leggja fram frávikstilboð ef það er tekið fram í útboðsgögnum. Þarna er um að ræða breytingu á núgildandi lögum sem samtökin lögðust gegn. Ekki var heldur að finna neinn rökstuðning fyrir þessum fyrirhuguðu breytingum. Frávikstilboðum er ætlað að leysa þarfir kaupandans á annan hátt en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu útboðsgagna. Það er ótvírætt hagur beggja samningsaðila að leyfa frávikstilboð og því er ástæðulaust að torvela þau eins og lagt er til í frumvarpstexta. Góð reynsla er af fyrra fyrirkomulagi sem hvatti til þess að fyrirtæki bjóði kaupanda aðrar lausnir en fram koma í tæknilegri lýsingu útboðsgagna og geta oft nýst kaupanda betur. Samtökin töldu því eðlilegra að frávikstilboð yrðu áfram leyfð nema annað kæmi fram af hálfu kaupanda.

„In-house“ enn of laust í reipunum

Í athugasemdum með lögum segir að af 1. mgr. 4. gr. leiði að lögin taki aðeins til samninga sem opinberir aðilar, samkvæmt 3. gr., gera við fyrirtæki. Lögin taka því ekki til ráðstafana sem gerðar eru „innan húss“ þ. e. ráðstafanir sem hinn opinberi aðili tekst á hendur sjálfur án afskipta utanaðkomandi. Þetta þýðir að ákveði opinber aðili að framleiða vöru sjálfur, sinna þjónustu eða vinna verk er ekki um að ræða opinber innkaup í skilningi frumvarpsins. Að mati Samtakanna hefur kaupandi of rúma heimild til „in-house“ ráðstafana. Hefur skort verulega á að opinberir aðilar marki skýra stefnu um hvaða verkframkvæmdir, söluvara eða þjónusta skuli boðin út og hver ekki. Að mati Samtakanna er það andstætt tilgangi laganna að hið opinbera hafi sjálfðæmi um hvaða verk, þjónustu eða framleiðsluvöru það býður út og hver ekki. Hið opinbera á einungis í algerum undantekningartilvikum að beita „in-house“ ráðstöfunum og á jafnframt að marka skýra stefnu um hvaða undantekningartilvik þetta eru.



Félag íslenskra gullsmiða í samstarf við ABC barnahjálp

Í desember undirrituðu fulltrúar Félags íslenskra gullsmiða og ABC barnahjálpar samstarfssamning um sölu á hálsmeninu Kærleikur.

Kærleikur hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni sem FÍG og SI efndu til meðal gullsmiða og gullsmiðanema um hönnun og smíði skírnargjafar eða gjafar í tilefni nafngiftar. Hönnun og smíði gripisins var í höndum Sólborgar S. Sigurðardóttur og Svövu Bjarkar Jónsdóttur hjá Gulli og silfri ehf. Frá upphafi var ætlunin að verðlaunamenin styddi málefni barna og leitað var eftir samstarfi við ABC barnahjálpar í því skyni.

Hluti ABC af andvirði hálsmenanna rennur óskiptur til verkefnisins *Móðirbarn á lífi* en markmið þess er að hjálpa ungum barnshafandi stúlkum og mæðrum á unglingsaldri í Norður-Úganda að halda áfram í námi jafnframt því að hugsa um börnin sín.

Um 200 stúlkur hafa leitað á náðir ABC barnahjálpar í Úganda eftir að fréttist um verkefnið. ABC barnahjálpar og Alnæmisbörn hafa tekið höndum saman um verkefnið en stefnt er að því að byggja dagheimili og íbúðarhúsnæði þar sem stúlkurnar geta búið með börnum sínum meðan þær stunda nám í ABC skólunum.

Ráðstefna um samskipti frumkvöðla og fjárfesta

- þörf fyrir áframhaldandi umræðu



Samskipti fjárfesta og frumkvöðla voru rædd á ráðstefnu á vegum Samtaka iðnaðarins í mars síðastliðnum.

Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins setti ráðstefnuna og sagði að verulegar breytingar hefðu átt sér stað varðandi bæði frumkvöðla og fjárfesta á undanförunum 10-15 árum. Hann taldi þó brýnt að breyta einnig viðhorfi þeirra hvers til annarra og að byggja þyrfti nýjar brýr í samskiptum þeirra og fleiri sem koma að uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Jón S. von Tetzchner, framkvæmdastjóri og stofnandi hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software, fjallaði um stofnun og þróun fyrirtækisins. Í upphafi byrjuðu hann og félagi hans með hálfa milljón en nú starfa 380 starfsmenn hjá fyrirtækinu sem rekur skrifstofur í átta löndum.

Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórnarmaður Mentors, fjallaði um frumkvöðla í þekkingarfyrirtækjum og ræddi mikilvægi þess að fjárfestar og frumkvöðlar væru samstiga því hvor þarf á hinum að halda.

Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmda-

stjóri Brúar – Venture Capital, fór yfir þroskaferli nýsköpunarfyrirtækja, hvernig fjárfestar koma að vexti þeirra og mikilvægi þess að markmið séu skýr og að allir hagnist á samstarfinu.

Andrew McNair, framkvæmdastjóri tengslanetsins Connect Scotland, kynnti nýstárlegar leiðir sem Skotar hafa byggt upp til að tengja frumkvöðla, fjárfesta, rannsóknastofnanir og háskóla með markvissum hætti.

Þátttakendur í pallborðsumræðum, auk ræðumanna, voru dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, Finnþóri Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs og Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest. Umræður voru líflegar og ljóst var að skoðanir frumkvöðla og fjárfesta eru nokkuð skiptar um mörg atriði sem snúa að uppbyggingu sprotafyrirtækja og því ljóst að halda þarf áfram þeim umræðum sem hófust á þessari ráðstefnu.

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs var Eggert Claessen, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja.

Um framleiðendaábyrgð

Undanfarin ár hefur nokkuð verið rætt um ábyrgð framleiðenda á úrgangi. Mikilvæg skref voru stigin á þessu sviði með stofnun Spilliefnanefndar sem rann síðar inn í Úrvinnslusjóð. Nokkrum árum áður hafði Endurvinnslan hf. verið stofnuð til að sjá um skilagjaldsskyldar umbúðir. Í gegnum Úrvinnslusjóð og Endurvinnsluna eru framleiðendur og innflytjendur vöru gerðir fjárhagslega ábyrgir fyrir endurvinnslu hennar þegar hún fer til förgunar. Gjald er tekið af vörum áður en þær fara á markað og það rennur til að standa undir kostnaði við endurvinnslu. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra koma að stjórnun kerfanna og hafa áhrif á útfærslu og skipulag.

Í framleiðendaábyrgð felst að ábyrgð á endurvinnslu úrgangs er færð að hluta eða öllu leyti til framleiðenda í stað þess að ábyrgðin sé alfarið hjá ríki eða sveitarfélögum. Margar útfærslur eru til á þessu fyrirkomulagi og misjafnt er hversu langt er gengið í hinum ýmsu löndum og fyrir mismunandi vörflokkum. Ábyrgðin getur t.d. falist í að greiða kostnað við endurvinnslu eða að taka þátt í kynningum og upplýsingaherferðum. Dæmi um hið síðarnefnda er þátttaka

dagblaða- og tímaritaframleiðenda í Bretlandi í söfnunarherferðum en þannig axla þeir framleiðendaábyrgð sína. Þar sem lengst er gengið sjá framleiðendur alfarið um söfnun og endurvinnslu úrgangsins.

Framleiðendaábyrgð er í allri Evrópu fyrir nokkra vörflokka, s.s. umbúðir, bíla og hjólbarða og gilda sameiginlegar Evrópureglur þar um. Nýjasta viðbóttin er raftæki. Varðandi raftækin gengur tilskipunin lengra en fyrri tilskipanir sama efnis. Frumvarp um framleiðendaábyrgð á raftæki, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, gerir ráð fyrir að framleiðendur sjái sjálfir um fjármögnun kerfisins og um skipulag söfnunar. Útfærslan er því nokkuð önnur en hjá Úrvinnslusjóði þar sem innheimta úrvinnslugjalds fer í gegnum tolla og skatta. Þetta er sú útfærsla á framleiðendaábyrgð sem nú gengur hvað lengst. Hugmyndin er að gera framleiðendur grein fyrir kostnaði af endurvinnslu stefni þeir að því að framleiða umhverfissvænni vörur.

Samstarfsvettvangur um opinber innkaup

Fjármálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins gerðu með sér samkomulag í nóvember 2006 um að stofna samstarfsvettvang um opinber innkaup sem styður við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi. Samkomulagið var byggt á niðurstöðum áfangaskýrslu viðræðuhóps Ríkiskaupa og SI til fjármálaráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis en skýrslan var lögð fram í apríl 2006.

Eitt af markmiðum samstarfsvettvangsins er að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi. Aðilar vettvangsins voru sammála um að efna til breiðrar samvinnu hagsmunaaðila um að móta stefnu á grunni stefnu Vísinda- og tækniráðs og skilgreina þann árangur, forsendur og áhersluverkefni.

Efnt var til stefnumótunarfundar með hagsmunaaðilum á Hótel Selfossi vorið 2007. Ákveðið var að setja í forgang á vegum Samstarfsvettvangsins: „Vegir framtíðarinnar - intelligent roads“, „Hátæknisjúkrahús“ og „Orku- og umhverfismál.“

Fjármálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins efndu til ráðstefnu um þessi mál á Hilton Nordica Reykja-

vík, í nóvember. Fundurinn var skipaður fulltrúum úr stjórn-sýslu og atvinnulífi. Fundarmenn voru sammála um að í þessum málaflokkum fælust mikil tækifæri til nýsköpunar, rannsókna og þróunar sem fyrirtæki geta átt aðkomu að. Fundarmenn voru jafnframt sammála um mikilvægi áframhaldandi samvinnu stjórn-sýslu og atvinnulífs við að skilgreina þann árangur, forsendur og áhersluverkefni sem vinna þarf að í framangreindum málaflokkum.





Tæknivettvangur á matvælasviði

Svokallaðir tæknivettvangar (e. technology platform) á ýmsum sviðum iðnaðar hafa skotið upp kollinum víðs vegar um Evrópu á undanförunum misserum. Tildrögin eru þau að þarfir iðnaðarins hafa ekki skilað sér sem skyldi inn í rannsóknáætlanir Evrópusambandsins sem hefur þess vegna kallað eftir stefnu iðnaðarins á sviði rannsókna og nýsköpunar. Það varð til þess að stofnaðir voru Evrópu-tæknivettvangar sem síðan hafa orðið fyrirmynd að landsvettvöngum á sömu sviðum.

Markmiðið með stofnun tæknivettvanga er að greiða fyrir því að rannsóknaniðurstöður skili sér út í atvinnulífið til hagsbóta fyrir fyrirtækin og til að auka samkeppnishæfni þeirra gagnvart öðrum heimshlutum. Til að ná þessu markmiði hafa iðnaður, rannsóknastofnanir og aðrir hagmunaaðilar á viðkomandi sviði tekið saman höndum um að móta stefnu í rannsókna- og nýsköpunarmálum. Þessa stefnu hyggst Evrópusambandið nota við mótun rannsóknáætlana framtíðarinnar.

Einn þessara vettvanga er á matvælasviði og gengur undir nafninu „Food for Life.“ Helsta markmið hans er að leggja áherslu á lífsgæði og heilbrigða lífshætti og að berjast gegn lífsstílsjúkdómum á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og fleira sem tengist ofneyslu. Lögð er áhersla á næringu og heilsu, gæði og öryggi og sjálfbæra matvælaframleiðslu í samræmi við þarfir neytandans svo að nokkuð sé nefnt. Mikilvægt er að iðnaðurinn gegni forystu í þessu starfi til að þarfir hans skili sér sem best.

Samtök iðnaðarins hafa beitt sér fyrir stofnun íslensks matvælatæknivettvangs. Leitað hefur verið eftir samstarfi við rannsókn- og eftirlitsstofnanir, háskóla, neytendasamtök, Rannís og fleiri og mikill áhugi virðist vera á þessu starfi. Verið er að leita eftir fjármagni til að reka vettvanginn og einnig er í undirbúningi stofnun norræns netverks á þessu sviði. Íslenski vettvangurinn mun taka mið af og starfa í nánu samstarfi við Evróputæknivettvanginn „Food for Life“ og landsvettvanga á matvælasviði í öðrum löndum Evrópu.

Fræðimennska í fyrirrúmi

Umræða um Evrópumál og aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur því miður um of einkennst af vanþekkingu og upphrópunum. Fyrir iðnaðinn er málið allt of mikilvægt til þess að því verði haldið í þeim farvegi. Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í þeim tilgangi að efla yfirvegaða og faglega umræðu um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, ekki síst að skoða tengsl við Evrópusambandið frá mörgum sjónarhornum. Sérstök áhersla er lögð á að hvetja ungt fólk til dáða í þessum efnum. Samtök iðnaðarins gera Alþjóðamálastofnun kleift að styrkja verkefni sem meistara- og doktorsnemar vinna að og fjalla um Ísland og Evrópusambandið með einhverjum hætti og skiptir þá ekki máli á hvaða fræðasviði verkefnið er unnið.

Snar þáttur í því að efla almenna umræðu um alþjóða- og Evrópumál er að koma vinnu og niðurstöðum fræðimanna á framfæri við almenning. Í þeim tilgangi hélt Alþjóðamálastofnun, í samvinnu við Samtök iðnaðarins, Dag ungra fræðimanna 28. febrúar í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands. Flutt voru sex erindi um fjölbreytt efni í þéttskipuðum sal en Ólafur Þ. Harðarson prófessor og deildarforseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands stýrði fundinum og umræðum um erindin Fræðimennirnir hafa lagt stund á fræði sín við marga skóla innanlands og utan. Erindin voru þessi:

- Þjóðarstolt eða samrunaprá? Almenningsálit á Íslandi og Evrópusambandsaðild
- *Meike Stommer*
- Undirliggjandi hugmyndir í íslenskum hafréttarmálum og neikvæðri afstöðu ráðamanna til sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins
- *Bjarni Már Magnússon*
Norræna víddin í Evrópusamstarfinu
- *María Þorgeirsdóttir*
- Um Evrópu-rétt og Evrópu-rangt: Hvernig hægt er að klúðra innleiðingu evrópskra tilskipana í íslenskan rétt
- *Guðrún Rögnvaldardóttir*
- Uppbygging Evrópuvitundar innan ESB
- *Einar Þorvaldur Eyjólfsson*
- Evrópskur samningaréttur - firra eða framtíðin?
- *Matthías G. Pálsson*

Árið 2008 verður efnt til Dags ungra fræðimanna að nýju og erindi frá báðum fundunum gefin út á bók.



Fyrirhugaður fríverslunarsamningur við Kína

Formlegar viðræður Íslendinga og Kínverja um fríverslun hófust árið 2007 og íslensk stjórnvöld gera ráð fyrir að þeim ljúki árið 2008. Ekki hafa fengist fullnægjandi upplýsingar frá stjórnvöldum um hvað á nákvæmlega að semja annað en að samningurinn muni taka til viðskipta með sjávarafurðir og iðnaðarvörur auk þess sem gera á samning um þjónustuviðskipti milli landanna. Viðræður ríkjanna vekja því upp margar spurningar. Ísland er eitt fárra ríkja sem hafa viðurkennt Kína sem markaðshagkerfi í skilningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), með samkomulagi ríkjanna hinn 1. maí 2005.

Evrópusambandið hefur ekki viljað viðurkenna Kína sem markaðshagkerfi af margvíslegum ástæðum. Má þar helst nefna áhrif stjórnvalda á fyrirtækjarekstur í landinu, skort á löggjöf sem verndar einkarétt, skattaívilnanir stjórnvalda fyrir kínversk fyrirtæki, hindranir á því að evrópsk fyrirtæki geti tekið þátt í opinberum innkaupum í Kína og almennar hindranir gagnvart evrópskum fyrirtækjum á þeim markaði. Loks má nefna að Evrópusambandið hefur áhyggjur af vaxandi viðskiptahalla milli Evrópu og Kína. Þegar framangreint er haft í huga vekur þetta frumkvæði íslenskra stjórnvalda óneitanlega athygli.


Með þessari viðurkenningu hafa Íslendingar jafnframt skuldbundið sig til að beita ekki undirboðstollum á vörur frá Kína nema að fullnægðum mjög ströngum kröfum um að sannað hafi verið að undirboð hafi átt sér stað, skv. reglum WTO. Evrópusambandið hefur hins vegar nýtt sér undanþáguákvæði í bókun WTO vegna aðildar Kína að stofnuninni sem slakar á þessum ströngu sönnunarkröfum og lagt undirboðstolla á vörur frá Kína, t.d. stálvörur og skófatnað.

Íslendingar hafa skuldbindið sig til að beita ekki undanþáguákvæðinu

Í fyrrnefndu samkomulagi frá 1. maí 2005 er sérstaklega tekið fram að Íslendingar muni ekki beita áðurnefndu undanþáguákvæði í viðskiptum ríkjanna. Þetta samkomulag þýðir því í reynd að íslenskur iðnaður er mun berskjaldaðri gagnvart innflutningi á ódýrum vörum frá Kína en iðnaður annars staðar í Evrópu. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu erfitt það er fyrir iðnaðinn hér á landi að keppa við iðnaðarvörur frá Kína þar sem framleiðslukostnaðurinn er miklu lægri en hér en þann mun má aðallega rekja til þess að kjör launafólks í Kína eru allt önnur en hér á landi.

Ísland milliliður fyrir viðskipti milli Kína og meginlands Evrópu?

Töluvert hefur borið á þeirri umræðu hér að hagstæð skilyrði gætu orðið til þess að Ísland yrði milliliður fyrir viðskipti milli Kína og meginlands Evrópu. Einnig gæti verið hagkvæmt að flytja hálfunnar vörur frá Kína til Íslands, fullvinna þær hér og selja í öðrum Evrópulöndum. Ekki er þó víst að málið sé



alveg svo einfalt því að samkvæmt svokölluðum upprunareglum, sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, verður að vera á hreinu hvaðan varan kemur. Ef varan er ættuð frá Kína er hún meðhöndluð sem innflutningsvara þaðan. Þá vakna einnig spurningar um hvernig Evrópusambandið bregst við reyni Íslendingar að fara þá leið, þ.e. að fá íslenskt upprunavottorð á slíkar vörur og selja þær í öðrum Evrópulöndum. Hvaða áhrif kynnu slíkar ráðstafanir að hafa á aðild okkar að EES-samningnum?

Áhyggjur íslenskra verktakafyrirtækja

Fríverslunarviðræður ríkjanna snúast ekki bara um vörur heldur líka þjónustu. Verktakafyrirtæki hér á landi hafa lýst áhyggjum af því að kínversk byggingafyrirtæki fái aðgang að íslenskum markaði, þ.e. geti selt þjónustu sína milli landanna. Eins og fyrr greinir eru kjör launafólks allt önnur í Kína en hér á landi og mjög erfitt er fyrir íslensk stjórnvöld að fylgjast með því hvaða laun og starfskjör þeir starfsmenn hafa sem koma hingað á vegum erlendra fyrirtækja.

Þeirri spurningu er ósvarað hversu mikinn aðgang Kínverjar fá fyrir vinnuáfl sitt hér á landi. Þó að fyrirhugaður fríverslunarsamningur við Kína taki ekki til frjálsra fólksflutninga milli landanna yrði kínverskum fyrirtækjum hér á landi engu að síður heimilt, skv. þjónustusamningnum, að flytja inn til landsins stjórnendur viðkomandi fyrirtækja svo og aðra sérfræðinga. Vakna því spurningar eins og t.d. hversu margir mega þessir sérfræðingar vera og hvernig er skilgreiningu á sérfræðingi háttáð í viðkomandi fyrirtæki?



Frumvarp til laga um mannvirki

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til nýrra mannvirkjalaga sem koma skulu í stað núverandi byggingalaga. Fyrir hönd SI sat Eyjólfur Bjarnason í undirbúningsnefnd sem hafði veg og vanda af að semja frumvarpið. Verði það að lögum mun nýrri stofnun, Byggingarstofnun, komið á fót. Gert er ráð fyrir að hún taki til starfa 1. júní 2008 og undirbúi gildistöku laganna um næstu áramót. Þá verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun verður stjórnarsýslustofnun sem ætlað er að hafa eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sinna markaðseftirliti með byggingarvörum og stuðla að samræmdu byggingareftirliti um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annast löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra og gefi út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði.

Byggingareftirlit byggingarfulltrúa

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna. Þó er gert ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði lagðar niður og sveitarstjórnir komi ekki með beinum hætti að stjórnarsýslu byggingarmála. Þeirra

hlutverk verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits.

Gert er ráð fyrir að faggildur aðili annist allt byggingareftirlit í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun tekur saman. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta á vegum faggiltra skoðunarstofa eða byggingarfulltrúar sem þá þurfa að hafa öðlast faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum.

Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir

Ef frumvarpið verður samþykkt taka lögin til stórfamkvæmda og skulu sæta sama eftirliti og aðrar minni háttar framkvæmdir. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi mannvirki verði háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar:

- Virkjanir og önnur þau mannvirki sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.
- Fráveitumannvirki eða dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags.
- Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
- Mannvirki á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.
- Mannvirki á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggisvæði, sbr. 61. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Jafnframt er gert ráð fyrir að dreifi- og flutningskerfi rafveitna verði áfram undanþegin byggingarleyfi.

Ábyrgð aðila skýrð

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara, betur en gert er í gildandi lögum. Tekið er fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði fagaðila til að sjá um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjái um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórnun framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerðinni koma. Í ljósi þess að byggingarstjóra ber að sinna innra eftirliti er lagt til að byggingarstjóri geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verksins. Er þetta breyting frá því sem nú er og er hún talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að ætla mönnum að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eina undantekningin frá þessu er ef um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota eiganda.



Atvinnulífið hluti af lausninni

Talsverð umræða hefur verið um loftslagmál og losun gróðurhúsalofttegunda undanfarið ár og fyrirséð er að sú umræða heldur áfram næstu ár. Samnings tímabil Kyoto bókunarinnar lýkur 2012 og umræður um hvað taki við eru hafnar. Hér á landi hefur náðst góður árangur á ýmsum sviðum. Útstreymi frá áliðnaði er með því minnsta sem þekkest í heiminum og notkun endurnýjanlegra orkugjafa er langtum meiri en aðrar þjóðir geta látið sig dreyma um að ná á næstu áratugum. Mikilvægt er að skuldbindingar eftir 2012 byggist á raunhæfu mati á þeim aðgerðum sem unnt er að ráðast í og hagkvæmni þeirra.

Minni nettólosun

Ríkisstjórn Íslands gaf tóninn með útgáfu stefnumörkunar í loftslagsmálum í febrúar 2007. Í henni er sett fram langtímasýn um að minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fram til ársins 2050, miðað við árið 1990. Með nettólosun er átt við samdrátt í heildarútstreymi að frádregnu því sem bundið verður með skógrækt, landgræðslu og verkefnum í öðrum ríkjum. Í stefnumörkuninni eru skoðaðir nokkrir geirar og velt upp möguleikum þeirra til að minnka losun. Þar er m.a. horft til iðnaðar, orkuframleiðslu, samgangna, sjávarútvegs og landbúnaðar og losunar vegna meðhöndlunar úrgangs. Einnig er horft til möguleika til bindingar með skógrækt, landgræðslu og öðrum leiðum sem sveigjanleika-

ákvæði Kyoto bókunarinnar gefa kost á. Þau ákvæði veita ríkjum rétt til að auka losun sína ef þau hafa dregið úr losun með verkefnum í þróunarlöndum. Hugmyndin að baki sveigjanleikaákvæðinu er að draga úr losun á sem hagkvæm-astan hátt. Loftslagsvandinn er hnattrænt vandamál og ekki skiptir máli hvar dregið er úr losun í heiminum. Sveigjanleikaákvæðin gera kleift að minnka losun á mun ódýrari og hagkvæmari hátt en Vesturlönd hafa getað gert. Að auki stuðla verkefnin mörg hver að því að auka lífsgæði í þróunarlöndum.

Í framhaldi af útgáfu stefnumörkunarinnar eru starfandi nefndir sem falið er að meta möguleika Íslands til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og skoða hagkvæmni aðgerða.

Íslenska ákvæðið

Fyrirsjáanlegt er að íslensk stjórnvöld standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyotobókunarinnar. Kyoto samkomulagið nær til áranna 2008 – 2012 og Íslendingar skuldbundu sig til að auka ekki losun sína á því tímabili umfram 10% frá því sem hún var árið 1990. Að auki var viðurkennt mikilvægi þess að auka hlutdeild hreinna orkugjafa og unnt er að sækja heimildir til að byggja upp orkufrekan iðnað sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa. Væntanlega verður Ísland eina ríkið sem nýtir sér þessa heimild og því hefur ákvæðið verið nefnt Íslenska ákvæðið.

Aðgerðir í loftslagsmálum

Nú þegar eru hafnar viðræður um framhald loftslagssamningsins eftir að Kyoto tímabilinu lýkur. Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var á Balí í desember, var ákveðið að hefja tveggja ára ferli viðræðna um aðgerðir í loftslagsmálum. Bæði verður fjallað um frekari samdrátt útstreymis í þeim ríkjum sem skrifuðu undir Kyoto-bókunina og sett verður á langtíma-markmið um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu sem og um samdrátt einstakra iðnríkja. Sá áfangi náðist á Balí að þróunarriki féllust á að gangast fyrir mælanlegum og þar með sannanlegum aðgerðum til að draga úr losun. Það þótti mikilvægur áfangi á Balí að fá svo mörg ríki til að taka þátt í frekari viðræðum þó að ekki hafi verið sett fram markmið. Mikilvægt er að þær þjóðir, sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum, taka þátt í viðræðunum. Verið er að fást við hnattrænt vandamál sem leysa þarf á heimsvísu. Ef nokkrar þjóðir, t.d. innan EB, setja sér einar afar þröngar skorður er hættu á að starfsemi sem losar mikið af gróðurhúsalofttegundum flytjist til svæða þar sem kröfur eru minni og þess er nú þegar farið að gæta í orkufrekum iðnaði. Þá getur verið verr af stað farið en heima setið. Nýjar skuldbindingar mega ekki vinna gegn markmiðum samningsins. Forsenda þess að árangur náist er að samkeppnisstaða fyrirtækja, sem keppa á alþjóðlegum markaði, verði

ekki raskað og að unnið verði að því með fyrirtækjunum að takmarka útblástur á raunhæfan hátt. Mikilvægt er að fyrirtæki, sem starfa innan sömu greinar, búi við sömu eða svipaðar kröfur hvar sem þau er að finna í heiminum.

Raunhæf samningsmarkmið

Vandinn við að ná utan um losun gróðurhúsalofttegunda er að uppsprettur losunar eru svo ótal margar og ólíkar. Aðstæður eru ólíkar milli landa og ekki verður litið fram hjá sérstöðu Íslands í þessu sambandi. Uppspretta losunar er hér af allt öðrum toga en í flestum öðrum ríkjum. Algengt er að aðgerðum til að stemma stigu við losun sé beint að orkuframleiðslu og orkunýtingu, einkum í byggingum. Hér á landi er nánast öll orkuframleiðsla úr endurnýjanlegum orkulindum og hús hituð með heitu vatni. Orkusparnaður í húshitun er vissulega gagnlegur en skilar litlum árangri í að minnka losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis. Helsta uppsprettan hér á landi eru samgöngutæki, vinnuvélar, fiskiskipaflotinn, nokkur fyrirtæki í orkufrekum iðnaði auk landbúnaðar og úrgangs. Engar stórfelldar tækniþreytingar eru á döfinni sem breyta þessu útstremismynstri í nánustu framtíð. Nú þegar hafa stórfyrirtæki í álframleiðslu náð aðdáunarverðum árangri í að draga úr losun við framleiðslu sína og standa í fremstu röð á heimsvísu. Einnig er hægt að ná árangri á mörgum sviðum og grípa má til hagkvæmra aðgerða til að draga úr útstreyminu. Í komandi samningagerð verður að leggja áherslu á sérstöðu Íslands og þann árangur sem náðst hefur í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Hér á landi er hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa 75% af heildar orkunotkun en ESB hefur sett sér það markmið að ná 20% hluta árið 2020. Skuldbindingar um almennt útstreymi verða að byggjast á raunhæfu mati á þeim aðgerðum sem unnt er að ráðast í og hagkvæmni þeirra.

Starfsmannabreytingar



Jón Steindór Valdimarsson tók við starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins 1. desember. Jón Steindór er fæddur og alinn upp á Akureyri og varð stúdent frá MA árið 1978. Hann er lögfræðingur að mennt og útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1985. Að loknu námi starfaði Jón um tíma í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnumálasambandinu. Haustið 1988 hóf Jón Steindór störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðar-framkvæmdastjóri. Hann hefur einkum sinnt verkefnum sem tengjast alþjóðasamvinnu, s.s. EFTA, EES, ESB og WTO. Jón Steindór hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Samtök iðnaðarins og má þar nefna að hann er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og á sæti í Ráðgjafanefnd EFTA.



Sveinn Hannesson lét af störfum framkvæmdastjóra að eigin ósk. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins frá upphafi og þar áður Félags íslenskra iðnrekenda frá ársbyrjun 1992 eða nærri 16 ár. Sveinn hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Gámþjónustunnar hf.



Jón Bjarni Gunnarsson hóf störf 1. desember sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Samtökum iðnaðarins. Jón Bjarni er viðskiptafræðingur frá HÍ og hefur auk þess lokið námssamningi í trésmíði. Jón Bjarni starfaði áður sem framkvæmdastjóri Ofnasmiðjunnar en þar áður var hann fjármálastjóri í 17 ár hjá Hörpu Sjöfn sem nú heitir Flügger ehf.



Rakel Pálsdóttir hefur hafið störf sem forstöðumaður almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins. Rakel er með BA próf í þjóðfræði og MA próf í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Rakel starfaði sem kynningarstjóri Eddu útgáfu frá árinu 2004 en var áður sjálfstætt starfandi fræðimaður innan vébanda Reykjavíkur Akademiunnar. Rakel tekur við af Brynjari Ragnarssyni, fyrrum markaðsstjóra, sem hefur látið af störfum hjá SI.



Eyjólfur Bjarnason, starfsmaður á mannvirkjasviði, lét af störfum á árinu og er orðinn gæðastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum.

Samtök iðnaðarins bjóða nýja starfsmenn velkomna til starfa og óska þeim, sem látið hafa af störfum, velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og þeim eru þökkuð vel unnin störf.

Fundir ráðgjafaráðs Samtaka iðnaðarins

Fundir ráðgjafaráðs voru, samkvæmt venju, tveir á árinu, sá fyrri 24. maí en hinn síðari 29. nóvember og báðir haldnir á Nordica Hótelu. Á báðum fundunum var fjallað um öflugt starf verkefnahópa SI og stöðu verkefna þeirra.

Staða efnahagsmála

Meðal þeirra eru peningamálin en þróun vaxta, gengis og verðbólgu hefur verið eitt helsta umfjöllunar- og áhyggjuefni SI undanfarin ár enda eitt stærsta einstaka hagsmunamál iðnaðarins að hér ríki stöðugleiki í verðlagi og gengi og að vaxtastigið sé samkeppnishæft. Fram kom að margt bendi nú til að verðbólga sé að aukast vegna veikingar krónunnar, hækkandi olíuverðs og spennu á fasteignamarkaði. Þó kunni spenna á þeim markaði fara hratt minnkandi og jafnvel að ofurvaxta-stefnan muni knýja fram skell.

Átak til að innleiða gæðastjórnun í fyrirtækjum 10 ára

SI hafa staðið fyrir miklu átaki til að hvetja aðildarfélög sín til að innleiða gæðastjórnun en það hefur nú staðið í 10 ár. Á þeim tíma hafa 114 fyrirtæki tekið þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti. Nú hafa SI tekið nýtt skref til að aðstoða félagsmenn sína við slíka innleiðingu með því að hvetja þá

til að feta þá leið í fjórum vel skilgreindum þrepum í stað þess að ráðast í slíka innleiðingu samtímis á öllum sviðum stjórnunar og reksturs.

Stórfé veitt í menntamál

Menntamálin hafa einnig verið fyrirferðarmikil á árinu en þá var ákveðið að verja rösklega 100 milljónum króna til sérstakra nýsköpunar- og menntaverkefna, þar á meðal 10 milljónum til að efla vinnustaðakennslu en SI hafa í mörg ár beit sér fyrir að kennsla í fyrirtæki sé metin til jafns við kennslu í skóla. Þá verður varið 15 -20 milljónum króna til samstarfssamninga við háskóla til að efla umræðu og miðla upplýsingum um mikilvæg hagsmunamál iðnaðarins. Auk þess verða veittar 20 milljónir króna til vísinda-, rannsóknar- og þróunarstarfs og um 50 milljónum króna í hlutafélag sem tekur yfir rekstur sameinaðs Iðnskóla í Reykjavík og Fjölnis tækniskólans.

Uppbygging Hátækni- og sprotavettvangs

Þá var skýrt frá starfsemi Nýsköpunar- og þróunarnefndar SI sem hefur m.a. vakið athygli á misræmi í fjárlagagerð og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar varðandi eflingu hátækniyrirtækja og stuðningsumhverfi þeirra. Fulltrúar tækni-samtaka innan SI hafa átt í viðræðum

við iðnaðarráðherra um formlegt samstarf við stjórnvöld um uppbyggingu Hátækni- og sprotavettvangs til að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi slíkra fyrirtækja. Þá var skýrt frá því að í úttekt á nýsköpunarumhverfinu hér á landi kemur fram að Ísland er í hópi ríkja sem minnst leggja af mörku- um til að styðja nýsköpunar- og þróunarstarf fyrirtækja.

Starfsmannaleigur standi skil á opinberum gjöldum erlendra starfsmanna

Sagt var frá niðurstöðu Hæstaréttar- dóms um skil á staðgreiðslu opinberra gjalda og dvalarleyfi erlendra starfsmanna en hann var kveðinn var upp haust í svokölluðu Impregilomáli. Niðurstaða réttarins varð sú að starfsmannaleigum ber að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa starfsmanna sinna en verktakafyrirtækið Impregilo var sýknað. Vegna þessa er nú verið að undirbúa frumvarp til breytinga á lögum um greiðslu opinberra gjalda og fleira. SI telja að væntanlegt frumvarp standist trauðla reglur ESB um frjálsa þjónustustarfsemi í aðildarríkjum ESB og EFTA ríkjunum.

Ný lög um opinber innkaup

Fjallað var um ný lög um opinber innkaup sem voru samþykkt í vor. Í lögnum er m.a. nýtt ákvæði um að innkaup efli nýsköpun og þróun. Þá er þar að finna ákvæði sem ætlað er að sporna við kennitölufлакki og viðskiptum við flakkara. Einnig er kveðið á um að sveitarfélög, sem ákveða að fylgja ekki lögnum, skuli setja sér reglur um innkaup. Einnig var sagt frá ráðstefnu SI og SUT um útvistun og þar gaf fjármálaráðherra fyrirheit um að 10 ára baráttumál tölvu- og hugbúnaðar- fyrirtæki komist í höfn.



Að varpa löndum sínum í brunninn

Um nokkurt skeið hafa Samtök iðnaðarins barist fyrir því að íslenskar málmsteypur, sem framleiða m.a. brunnlok, fái að sitja við sama borð og aðrir framleiðendur þessarar vöru á EES-svæðinu. Sú vinna hlaut þó skjótan og furðulegan endi sem varð til þess að áratuga framleiðsla á brunnlokum lagðist nánast af á hér á landi.

Eftir að framkvæmdastjórn ESB hafði rannsakað meint undirboð á brunnlokum á markaðssvæði sínu gaf hún út reglugerð (nr. 1212/2005) þar sem aðildarríkjum EES-svæðisins var heimil að leggja undirboðstolla á tiltekin brunnlok frá Kína. Rannsóknin leiddi í ljós að kínverskir framleiðendur þessarar vöru beittu ólögmatum aðferðum og því þótti rétt að bregðast við því enda er það hlutverk stjórnvalda að tryggja jöfnuð í starfsumhverfi. Ekki leið á löngu þar til flestar þjóðir á EES-svæðinu höfðu lagt undirboðstolla á brunnlok frá Kína og því geta framleiðendur þeirra nú keppt við þennan innflutning á jafnréttisgrundvelli.

Samtök iðnaðarins vildu að íslenskir framleiðendur vörunnar sætu við sama borð og vísuðu málinu til samráðsnefnd-

ar um undirboðs- og jöfnunartolla með ósk um að hún legði undirboðstolla á umrædda framleiðslu frá Kína á grundvelli áður nefndrar reglugerðar ESB. Bregður þá svo við að nefndin vildi hefja sjálfstæða rannsókn á málinu og krafði íslenska framleiðendur um frekari gögn um kínversku framleiðsluna! Þetta var gert þó að nefndinni væri heimilt að vísa í reglugerðina frá ESB og leggja tollinn á án frekari undanbragða. Þess í stað var íslensku framleiðendunum komið í vonlausu stöðu í málinu enda gátu þeir ekki, frekar en einstök fyrirtæki á ESS-svæðinu, staðið fyrir slíkri rannsókn.

En ekki voru öll kurl komin til grafar því að í ljós kom að stjórnvöld höfðu unnið víðar að því að búa íslenskum framleiðendum verra starfsumhverfi en öðrum á EES-svæðinu.

Um það leyti, sem málið var komið í ofangreindan hnút, kom í ljós að 1. maí 2005 hafði þáverandi utanríkisráðherra undirritað „memorandum of understanding“ við Kína þar sem Ísland hét því að beita ekki heimildum til að leggja undirboðstolla á kínverska framleiðslu eins og þá sem hér um ræðir. Þar með voru allar heimildir íslenskra stjórnvalda á grundvelli EES-samningsins til að bregðast við sönnuðum undirboðum gerðar að engu – a.m.k. gagnvart kínverskri framleiðslu.

Ekki verður annað sagt en að vilji íslenskra stjórnvalda hafi verið mjög einbeittur í þessu máli. Með öllum ráðum var komið í veg fyrir að íslenskir framleiðendur byggju við sama starfsumhverfi og keppinautar þeirra. Þar að auki sömdu þau við Kínverja um að grafa íslenskum framleiðendum þann brunn sem þeim var síðan varpað í og kínversku loki skellt yfir til frekara öryggis! Ekki er vitað til þess að önnur stjórnvöld á EES-svæðinu hafi leikið framleiðendur í eigin landi svo grátt.



Sýningin Tækni og vit

Stórsýningin Tækni og vit var haldin í Fífunni í Kópavogi helgina 9.-11. mars en þar kynntu mörg helstu hátækni-fyrirtæki landsins það nýjasta í tækni og þekkingu. Sýningin er stærsti viðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi á þessu sviði.

Mikil fjölbreytni einkenndi Tækni og vit 2007 og sem dæmi um sýnendur má nefna fyrirtæki úr tölvugeiranum, bæði hugbúnaðar-, vélbúnaðar- og netfyrirtæki, auk fjarskiptafyrirtækja, orkufyrirtækja iðntækni-fyrirtækja, sveitarfélaga, opinberra stofnana og ráðuneyta, skóla, fjármála-fyrirtækja og fjölmiðla.

SI með athyglisverðasta sýningarsvæðið

Sýningarsvæði Samtaka iðnaðarins var valið það athyglisverðasta á sýningunni af sérstakri dómnefnd. Sýningarsvæði Samtaka iðnaðarins kallaðist Sprotatorg og var gróandinn þar í fyrirrúmi. Unnið var út frá sprotahugmynd og því að setja svæðið upp í samræmi við annað kynningarefni sem hafði verið unnið fyrir Samtök sprotafyrirtækja.



Nýtt framhaldsskólafrumvarp



Skömmu fyrir jóli 2008 mælti menntamálaráðherra fyrir frumvarpi til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Af þessum frumvörpum varðar framhaldsskólafrumvarpið atvinnulífið mestu. Í framhaldsskólalögunum er kveðið á um fyrirkomulag iðn- og starfsnáms og við undirbúning að lögunum frá 1996 var haft mikið og gott samstarf við Samtök iðnaðarins sem og önnur samtök í atvinnulífinu.

Vinna við núverandi frumvarp um framhaldsskólalög hefur átt sér töluverðan aðdraganda og hafa Samtök iðnaðarins tekið þátt í vinnu við það með beinum og óbeinum hætti.

Starfsnámsnefnd

Í ársbyrjun 2006 hóf starfsemi sérstök starfsnámsnefnd sem menntamálaráðherra skipaði til þess að gera tillögur um starfsnámskafla nýrra framhaldsskólalaga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar úr atvinnulífinu ásamt fulltrúum kennara og skóla. Nefndin starfaði ötulllega næstu mánuði og skilaði tillögum sínum um mitt sumar 2007. Meðal niðurstaðna nefndarinnar voru þessi atriði:

- Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum í starfsnám og bóknám.
- Námskrár í framhaldsskólum verði endurskoðaðar árlega.
- Vinnustaðanám verði hluti aðalnámskrár. Stofnaður verði sjóður með þátttöku atvinnulífs og stjórnvalda er annist greiðslur til að jafna kostnað milli þeirra fyrirtækja sem annast formlega vinnustaðakennslu og hinna sem það gera ekki.

Laganefnd

Í kjölfarið skipaði menntamálaráðherra sérstaka nefnd, laganefnd, sem skyldi semja drög að texta nýrra laga um framhaldsskóla. Í þessari nefnd sat enginn fulltrúi atvinnulífsins heldur voru nefndarmenn tilnefndir frá skóla-samfélaginu. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins lýstu yfir undrun sinnu á þessu fyrirkomulagi þegar frumvarpið leit dagsins ljós. Margt af tillögum starfsnámsnefndar hafði skilað sér inn í frumvarpstextann en annað ekki.

Frumvarpið boðar framfarir

Samtök iðnaðarins telja að nýtt frumvarp um framhaldsskóla feli í sér framfaraspur fyrir iðn- og starfsmenntun. Helstu kostir þess eru að starfsnám fær jafna stöðu við annað nám, námsleiðum mun fjölga og sköpuð eru skilyrði fyrir að fleiri ljúki skilgreindu námi. Tengsl við önnur skólastig eru auðvelduð; bæði munu grunnskólanemar eiga kost á að byrja fyrr í framhaldsskóla og eins er líklegt að einstakir skólar fái leyfi til að bjóða framhaldsnám að aflokinni prófgráðu í framhaldsskóla.

Samtök í atvinnulífinu gera athugasemdir

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og önnur samtök í atvinnulífinu skiluðu sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um nýjan framhaldsskóla. Þau styðja stefnumótunina sem felst í frumvarpinu en leggja til eftirtaldir breytingar við frumvarpið.

1. Gert er ráð fyrir að tillögur að nýjum námsbrautarlýsingum geti bæði komið frá skólum og starfsgreinaráðum. Skýra þarf betur hlutverk skóla og starfsgreinaráða þegar stofnað er til námsbrautar í starfsnámi. Lögin þurfa að hvetja skóla og starfsgreinaráð til að vinna saman að gerð námsbrautarlýsinga iðn- og starfsnáms. Samtökin vilja sjá skýrt ákvæði um að ráðherra leiti umsagnar starfsgreinaráða um starfstengdar námsbrautarlýsingar sem skólar hyggjast setja.
2. Í frumvarpinu er skólum fært mikið vald varðandi vinnustaðakennslu og ekki tryggt að notaðar verði leiðir sem nú þegar eru nýttar, s.s. gegnum IÐUNA eða Rafiðnaðarskólann. Samtökin eru sammála því að skóli beri ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnustaðanám en að framkvæmd vinnustaðanámsins sé falin samtökum, fræðsluaðilum og fyrirtækjum.
3. Ekki er nógu skýrt kveðið á um kröfur sem stjórnvöld gera til skóla. Stjórnvöld verja fjármagni til skóla og skólar veita þjónustu á móti. Fyrir fjárframlag til skóla eiga að fást tiltekin gæði sem nauðsynlegt er að mæla eins og

kostur er. Nefnt er mögulegt fyrirkomulag á upplýsinga-öflun um þjónustu skóla en það skortir að nefnd séu viðmið ráðuneytisins sem starfið er metið eftir. Farið er mörgum orðum um mælinguna en ekki mælitækið.

4. Í greinargerð með frumvarpinu er vitnað til skilabréfs laganeftardar. Þar segir m.a. að nefndin telji að setja eigi á fót sjálfstæðan sjóð sem hafi það hlutverk að greiða fyrir námi á vinnustað enda verði námið skipulagt í samvinnu vinnuveitenda og framhaldsskóla, eftir atvikum eða með fulltingi viðkomandi starfsgreinaráðs. Lagt er til við menntamálaráðherra og ríkisstjórn að undirbúningur að löggjöf um slíkan sjóð hefjist sem fyrst.

Samtökin telja miður að ekki skuli fjallað beint um nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms og vinnustaðanámsjóð í frum-

varpinu sjálfu. Samtökin telja stofnun þessa sjóðs eina mikilvægustu forsendu þess að vel takist til um þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um. Samtökin hvetja því til að gengið verði í að stofna þennan sjóð hið allra fyrsta.

Styrkleiki og veikleiki

Styrkur nýs framhaldsskólafrumvarps felst í auknum sveigjanleika og meiri möguleikum skóla og atvinnulífs til að brydda upp á nýjungum. En um leið gerir þetta frumvarp auknar kröfur til stjórnáráðs. Í framhaldi af setningu laganna þarf að setja skýrar reglur eða reglugerðir um ferli frá því að hugmynd kemur fram og þar til hún kemst í framkvæmd. Reglurnar þurfa að ná til samstarfs aðila, koma í veg fyrir tvíverknað og hugsanlega togstreitu.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Bolli Árnason, GT Tækni ehf.
Hilmar V. Pétursson, CCP hf.
Sveinbjörn Hjalmarsson, Umslag ehf.
Vigfús Kr. Hjartarson, Bakarameistarinn ehf.

Endurvinnsluiðnaður

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.

Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan

Heilbrigðistækni- og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.
Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.
Hörður Þórhallsson, Actavis hf.
Snorri Þórisson, Rannsóknþjónustan Sýni ehf.
Þóra Björg Magnúsdóttir, Lyfjaþróun hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari
Kristinn Jörundsson, Ris

Skarphéðinn Ómarsson, Háfell
Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara
Þorsteinn V. Sigurðsson, Málameistarafélag Reykjavíkur

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöru- og iðnaður:

Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin
Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
Magnús Ólafsson, Osta- og smjörösalan sf.
Sigurður Jóhannesson, Sölufélag Austur-Húnavetninga

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Einar Þorsteinsson, OPM ehf.
Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.
Kristþór Gunnarsson, Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Guðmar Guðmundsson, TM Software
Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.
Eggert Claessen, Hugvit hf.

Stóriðja:

Ingimundur Birnir, Íslenska járnblendifélagið hf.
Ragnar Guðmundsson, Norðal ehf.
Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2007



**Jón Steindór
Valdimarsson**
fram-
kvæmdastjóri



**Jón Bjarni
Gunnarsson**
aðstoðarfram-
kvæmdastjóri



**Árni
Jóhannsson**
forstöðumaður
mannvirkjasviðs



**Ásgeir
Magnússon**
Skrifstofa
atvinnulífsins á
Norðurlandi



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagfræðingur



**Bryndís
Skúladóttir**
forstöðumaður
umhverfismála



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Álagning
félagsgjalda
Innheimta,
bókari



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður
stefnumótunar og
nýsköpunar



**Ferdinand
Hansen**
verkefnastjóri
gæðamála



**Friðrik
Ólafsson**
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



**Guðmundur
Ásmundsson**
forstöðumaður
upplýsinga-
tæknisviðs



**Haraldur D.
Nelson**
forstöðumaður
prenttæknisviðs



**Ingi Bogi
Bogason**
forstöðumaður
menntamála



**Ingólfur
Sverrisson**
forstöðumaður
málm- og
véltæknisviðs



**María
Hallbjörnsdóttir**
Gjaldkeri



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
forstöðumaður
matvælasviðs



Rakei Pálsdóttir
forstöðumaður
almannatengsla



**Sigurður B.
Halldórsson**
Lögfræðingur



**Valdís
Axnförð**
Móttaka



**Þóra
Guðmundsdóttir**
Móttaka
Innheimta



**Þóra Kristín
Jónsdóttir**
Málfarsráðgjöf
Greinaskrif
Fjölmíðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
móttaka
Útgáfumál



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 – 105 Reykjavík – Sími 591 0100 – Fax 591 0101 – mottaka@si.is – www.si.is